

# Ráðherrar skera niður málaskrár

Ríkisstjórnin uppfærir þingmálaskrá sína. Vorþing gæti staðið fram á sumar. Málum sem geta bedið frestað til hausts. Forsætisráðherra mun funda með formönnum flokka um þingstörfin til vors.

**STJÓRN MÁL** „Þessar aðstæður kalla á að allir þurfa að endurskoða sínar áætlanir um allt sem þeir eru að gera,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, sem hefur beint því til ráðherra sinna að skera niður þau mál á þingmálaskrá sem geta bedið til haustsins. „Ég mun senda þinginu uppfærða þingmálaskrá, sennilega að loknum ríkisstjórnarfundum þriðjudaginn fyrir páska,“ segir Katrín og bætir við: „Ráðherrar eru að skera miskunnarlaus niður núna og sjálf mun ég geyma nokkur mál til haustþings enda ekki raunhæft að klára þau í vor.“

Frestur ríkisstjórnarinnar til að leggja fram þingmál til afgreiðslu á þessu þingi rann út um nýliðin mánaðamót. Mál sem ekki hafa borist fyrir þann frest þarf að samþykkja inn í þing með afbrigðum. Nokkur fjöldi stjórnarfrumvarpa var lagður fram á Alþingi í gær og aðspurð segir forsætisráðherra ljóst að einhver mál til viðbótar verði tekin inn í þing með afbrigðum, sérstaklega mál sem tengjast COVID-faraldrinum og áhrifum hans.

Aðspurð um fyrirkomulag þingstarfa á næstunni segir Katrín enn of mikla óvissu uppi um framgang faraldursins til að setja niður áætlun um það. „Ég stefni á að eiga samtal við formenn flokkanna öðrum hvorum megin við páska um framhaldið, en vandinn er að meðan



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

faraldurinn hefur enn ekki náð hámarki getum við ekki vitað hvernær hann verður í rénun og þingstörf verða eðlileg,“ segir Katrín.

Hún segir að strax í upphafi faraldursins hafi hún gert þinginu viðvart um að annars vegar mætti reikna með því að taka þyrfti starfsáætlun þingsins úr sambandi, eins og raunin hafi orðið, og hins vegar að þingið gæti þurft að starfa lengur fram á sumar. „En við erum ekki búin að ræða hvernig þinghaldið nákvæmlega verður.“

Meðal mála á þingmálaskrá sem enn hafa ekki verið lögð fram eru frumvörp um breytingar á mannanafnalögum og áfengislögum, frumvörp um þjóðgarðastofnun og hálendisþjóðgarð, rammaáætlun, endurskoðun fjarskiptalaga, breytingar á varnarmálalögum og lögum um utanríkisþjónustu Íslands, mál sem varða leyfi til að nýta orkuauðlindir á opinberu forræði, mál tengd Lífskjarasamningnum, endurskoðun á hlutverki Barnaverndarstofu og fjármálaáætlun sem þegar hefur verið ákveðið að lögð verði fram í haust. – aá


## Þróðu á tíu dögum kerfi fyrir COVID-19 sjúklinga

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta gerðist mjög hratt. Við buðum fram aðstoð okkar enda vorum við sannfærð um að við gætum orðið að liði,“ segir Tryggvi Þorgeirsson, læknir og forstjóri Sidekick health.

Fyrirtækið hefur í samvinnu við CCP og fleiri aðila þróað nýtt kerfi sem gerir COVID-19 sjúklingum sem takast á við veikindin heima fyrir kleift að senda heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um liðan sína.

Vinnan við þróun kerfisins hefði undir venjulegum kringumstæðum tekið minnst nokkra mánuði en með samhentum átaki tókst að klára verkið á tíu dögum.

Tryggvi segir einnig að samstarfið við hátt á annan tug sérfræðinga hjá heilbrigðisyfirvöldum og almannaöörnum hafi gengið afar vel. Hann segir að markmiðið sé að létta álagið á heilbrigðiskerfið. – bp / sjá síðu 4




Hlaupagarpar nýttu margir veðurblíðuna í gær til að hreyfa sig. Á sama tíma gættu þeir þess að hafa tveggja metra bil í næsta mann í atrennum sínum. Þessir dugnaðarforkar réðust ekki á garðinn þar sem hann var lægstur þegar þau hlupu upp og niður stigann í Digranesi sem heimamenn kalla iðulega Himnastigann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Njóttu hækkandi sólar á rúntinum.  
Uppáhaldsbíllinn þinn bíður!

HEKLA · Skoðaðu úrvalið á [www.hekla.is/vefverslun](http://www.hekla.is/vefverslun)



## Veður



Norðaustan 5-13 og víða él í dag, en úrkomulitið SV til. Frost 0 til 8 stig, mildast syðst. **SJÁ SÍÐU 16**



Nú hafa 116 bakverðir verið ráðnir.

## Yfir þúsund hafa skráð sig í bakvarðasveit

**COVID-19** Rúmlega þúsund einstaklingar höfðu í gær skráð sig á lista bakvarðasveitar heilbrigðisþjónustunnar vegna COVID-19 faraldursins. Koma þeir úr þrettán löggiltum heilbrigðisstétum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu.

» Alls hafa 116 bakverðir verið ráðnir til starfa á opinberum heilbrigðisstofnunum.

Nú geta nemandar í læknisfræði og hjúkrunarfræði einnig skráð sig á listann. Þannig eru 119 læknar og 22 hjúkrunarfræðingar á lista bakvarðasveitarinnar.

Þegar hafa verið ráðnir 116 bakverðir til starfa á opinberum heilbrigðisstofnunum. Af þeim eru 72 hjúkrunarfræðingar, 34 sjúkraliðar, fjórir lyflæknar, þrjú læknar, tveir hjúkrunarfræðingar og einn læknar. – sar

## LEIÐRÉTTING

Í frétt á forsíðu blaðsins í gær var sagt að Helga Ingólfssdóttir væri varaformaður VR og hefði sagt sig úr miðstjórn ASÍ. Hið rétta er að Harpa Sævarsdóttir sagði sig úr miðstjórninni en hún er varaformaður VR. Það er velvirðing á þessum mistökum.

## Aftur í sama farið



Lokið var við að leggja lagnir undir Elliðaár fyrir mánaðamót eins og stefnt var að og árnar renna aftur í sínum farvegi. „Erum að vinna núna í hólmanum og gerum ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki í júní, eða áður en veiðitímabilið í ánum hefst,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Veitna. Allt gangi vel en heildarverkið sé þó aðeins á eftir áætlun. Gamli hitaveitustokkurinn verður fjarlægður síðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fjórir hafa nú látist af völdum COVID-19

**COVID-19** Fjórir hafa nú látist hér á landi vegna COVID-19. Tilkynnt var um tvö dauðsföll af völdum sjúkdómsins í gær. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir staðfesti dauðsföllin á upplýsingafundi almannavarna í gær og vottaði hann aðstandendum samúð sína.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er annars vegar um að ræða konu um áttætt en hún hafði verið í öndunarvél áður en hún lést í fyrrinótt.

Alls hafa 1.319 manns nú greint með kórónaveiruna, sem veldur COVID-19, á Íslandi. Þar af liggja 44 á sjúkrahúsi.

Ellefu eru á gjörgæsludeild Landspítalans og þar af eru átta í öndunarvél. Einn er á gjörgæslu á Sjúkrahúsinu á Akureyri og er hann í öndunarvél. Þá hefur 284 einstaklingur sem sýktust af veirunni batnað. – bdi

# Veiran kallar á aukinn viðbúnað slökkviliðs

Slökkviliðið á höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað starfsstöðvum sínum og tekið í notkun nýja bíla til að bregðast við COVID-19 faraldrinum. Slökkviliðsstjóri segir starfsfólk jákvætt og fljótt að venjast nýja fyrirkomulaginu.

**COVID-19** „Starfsmenn hafa bara breytt öllu hjá sér til þess að sinna þessu verkefni,“ segir Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu (SLH). Hann segir slökkviliðið hafa þurft að gera ýmsar ráðstafanir vegna COVID-19 faraldursins.

„Við höfum þurft að fjölga starfsstöðvum til að minnka líkurnar á að okkar starfsfólk smitist. Við verðum líklega með um ellefu starfsstöðvar á höfuðborgarsvæðinu þegar við höfum lokið við að setja allt upp, vanalega erum við með fjórar,“ segir Jón Viðar. Settar hafa verið upp starfsstöðvar víða um borgina, svo sem í húsnæði Frumherja og björgunarsveitarinnar Ársæls á Granda og á Grand Hótel.

Ástæðan fyrir fjölgun stöðvanna er sú að nauðsynlegt þykir að minnka hópa starfsfólks sem vinnur saman með það að markmiði að komi upp smit lendi færri í sóttkví eða einangrun. „Starfsfólkið hefur tekið vel í þessar breytingar og sér tilganginn í þessum aðgerðum. Okkar starfsmenn eru útsettari fyrir smiti en margir aðrir því að þeir sinna smituum einstaklingum og það hefur áhrif á starfið og þeirra einka- og fjölskyldulíf ef þeir lenda í sóttkví eða einangrun,“ segir Jón Viðar.

„Í leiðinni verður svo viðbragðstíminn að vissu leyti betri þegar við erum dreifðari um höfuðborgarsvæðið svo það er svona aukaafurð í þessum breytingum hjá okkur.“ Þá hefur SLH tekið í gagnid nýja bíla sem notaðir eru í sjúkraflutninga á einstaklingum sem smitaðir eru af COVID-19.

„Í þessum nýju bílum getum við flutt COVID-sjúklinga sitjandi ef



Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur til dæmis sett upp nýja starfsstöð í húsnæði björgunarsveitarinnar Ársæls úti á Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

þeir eru ekki það slæmir að þeir þurfi að liggja út af. Við erum með tvo þannig bíla og svo erum við líka með bíla sem eru sérstaklega fyrir COVID-sjúklinga sem þarf að flytja liggjandi,“ segir Jón Viðar. „Þetta fyrirkomulag er uppi núna til að gulltryggja það að við getum sinnt öllu þessu sem tengist ekki COVID-19, líkt og almennum veikindum, hjartaáföllum og endurlifgunum, því að það hættir ekkert og verður jafnvel erfiðara í svona aðstæðum.“

Jón Viðar segir að nauðsynlegt hafi verið bæta við farartækjum til að teppa ekki sjúkrabilana, en að einnig sé hver sjúkraflutningur með COVID-19 smitaðan einstakling tímafrekur. „Eftir hvern slíkan flutning þurfum við að sótthreinsa bílinn frá á til ö og það tekur ákveðinn tíma,“ segir hann og bætir við að

Það er bara virkilega virðingartvert hvað fólk hefur verið fljótt að læra á þetta nýja fyrirkomulag.

Jón Viðar Matthíasson

skýrir verkferlar um hlífðarbúnað hafi einnig verið teknir upp.

Af starfsfólki SLH eru þrjú í einangrun og tíu í sóttkví, tveimur er batnað og fjórir hafa lokið sóttkví. Jón segir tölurnar sýna að viðbúnaður hafi virkað vel. „Það er bara virkilega virðingartvert hvað fólk hefur verið fljótt að læra á þetta nýja fyrirkomulag og þetta nýja verkefni, COVID-19, sem er í rauninni hið stóra verkefni allrar þjóðarinnar í dag.“ [birnadrofn@frettabladid.is](mailto:birnadrofn@frettabladid.is)



með piparfylltum lakkrís





7 ára ábyrgð framleiðanda  
á öllum nýjum Kia bílum

www.kia.is

# Niro hefur aldrei verið betri.



**NIRO**

fáanlegur sem



100% rafbíll    hybrid    plug-in hybrid



The Power to Surprise

Láttu sjá þig með Niro.

Kia Niro er einstaklega rúmgóður og vel búinn borgarjeppeingur með einstaklega góðu aðgengi. Niro er fáanlegur sem **100% rafbíll, Plug-in Hybrid og Hybrid** og við eigum eintök af öllum gerðum til afhendingar. Einnig fylgir Niro hin einstaka 7 ára verksmiðjuábyrgð Kia.

Komdu í heimsókn og láttu sjá þig með Niro.  
Við tökum vel á móti þér.

Kia Niro Hybrid tilboðsverð:

**4.150.777 kr.**

Afborgun á mánuði 30.377 kr.\*\*

ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Fylgdu okkur á Facebook.  
facebook.com/kiamotorsisland

\*Fosendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefrit sem kaupandi ber kostnað af. Letu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.  
\*\*m.v. 50% ímborgun og lán til 84 mána. Verðtrygging veitir 4,95%. Heildargreidda er 4.624.551 kr. Afleg hlutfalstaða kostnaðar er 6,23%.

# Hefja byggingu 300 íbúða í Skarðshlíðarhverfi í sumar

**HAFNARFJÖRÐUR** „Það er frábært að finna fyrir þessum mikla áhuga hönnuða og verkta og að engan bilbug sé á þeim að finna þrátt fyrir þá óvissu í efnahagsmálum sem nú ríkir. Við gætum ekki fengið betri skilaboð inn í efnahagslífið. Þarna vorum við að úthluta lóðum undir 300 íbúðir og ættu framkvæmdir við þær að vera komnar á fulla ferð í sumar,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bærstjóri í Hafnarfirði.

**Síðar í mánuðinum munum við úthluta fleiri lóðum á svæðinu til að koma til móts við þennan mikla áhuga.**

Rósa Guðbjartsdóttir, bærstjóri í Hafnarfirði



Bærstjórn Hafnarfjarðar staðfesti á fundi sínum á miðvikudag tillögu bæjarráðs um úthlutun lóða í fyrsta áfanga Hamraness í Skarðshlíðarhverfi til fjögurra hópa arkitekta, hönnuða og byggingaraðila, sem koma til með að móta svæðið. Er gert ráð fyrir að íbúðirnar fari í sölu innan tveggja ára.

„Síðar í mánuðinum munum við úthluta fleiri lóðum á svæðinu til að koma til móts við þennan

mikla áhuga,“ segir Rósa. Ellefu hópar sóttu um lóðir og fengu fjórir úthlutað í þessari atrennu.

Um er að ræða 25 hektara byggingarsvæði sem stendur við upp-land Hafnarfjarðar. Ákveðið var að ráðast í uppbyggingu á svæðinu síðasta haust. „Hugmyndin er að skipulag þessa svæðis endurspegli þörf á markaði. Það er mikil eftirspurn eftir fallegum minni íbúðum á góðu verði,“ segir Rósa.

Rekstur leik- og grunnskóla er kominn af stað. Íþróttahús og útibú tónlistarskóla verða afhent í sumar. Þá eru þrjár lóðir ætlaðar íbúðafélaginu Bjargi, sem var stofnað af ASÍ og BSRB, fyrir uppbyggingu 150 íbúða.

„Við viljum mæta þessari eftirspurn á einu fallegasta og fjölskylduvænasta byggingarsvæði höfuðborgarsvæðisins,“ segir bærstjórinn. – ab



Afar fáir erlendir ferðamenn hafa dvalið á Íslandi að undanförmu.

## Verulega hefur dregið úr veltu með erlend kort

**VIÐSKIPTI** Erlend kortavelta hefur dregist ört síðastliðnar vikur samkvæmt bráðabirgðatölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar. Föstudaginn 20. mars nam kortavelta erlendra ferðamanna 23 prósentum þess sem hún nam sama dag árið á undan.

» Þann 20. mars síðastliðinn nam erlend kortavelta aðeins 23 prósentum af veltunni sama dag í fyrra.

Erlend kortavelta nam þann 1. mars 83 prósentum af því sem hún nam sama dag árið 2019 og hinn 12. mars nam hún 67 prósentum. Síðan þá hefur veltan dregist saman daglega.

Bráðabirgðatölur Rannsóknarsetursins sýna ekki skýrt innlenda kortaveltu Íslendinga en samkvæmt þeim jókst veltan um 23 prósent fyrstu vikuna í mars sé miðað við sama tíma í fyrra. Þann 12. og 13. mars var innlend velta meira en tvöfalt það sem hún var sömu daga á síðasta ári. Þessa tvo daga var fjallað um það í fjölmiðlum að fólk væri að hamstra mat vegna faraldursins og er það talið geta skekkt tölurnar.

Uppfærðar tölur vegna marsmánaðar eru væntanlegar í næstu viku. – bdi

Heilbrigðisfyrirtækið Sidekick health hefur í samstarfi við CCP og fleiri aðila þróað nýtt kerfi sem meðal annars gefur COVID-19 sjúklingum færi á að senda upplýsingar um liðan sína til yfirvalda. Slík vinna ætti að taka nokkra mánuði hið minnsta en með samhentunni á tákni tókst að ljúka verkefninu á tíu dögum.

**HEILBRIGÐISMÁL** Engum dylst að íslenskt heilbrigðiskerfi er undir miklu álagi þessa dagana. COVID-19 sjúklingum fjölga dag frá degi og meirihluti þeirra tekst á við veikindi sín í heimahúsum. Mikinn mannafla þarf til að fylgjast með liðan þessara sjúklinga og þróun einkenna. Ef sjúklingur heldur áfram að fjölga mun gæðum þjónustunnar óhjákvæmilega hraka.

Heilbrigðistæknifyrirtækið Sidekick health bauð fram aðstoð sína til þess að leysa hinn aðstoðjandi vanda. Dagsdaglega þróað fyrirtækið stafrænar heilbrigðis meðferðir, þar sem tækninni er beitt til þess að bæta meðferð sjúklinga með ýmsa langvinna sjúkdóma. Á met tíma þróaði Sidekick health, í samvinnu við fjölmarga aðila, kerfi sem gefur COVID-19 sjúklingum færi á að senda upplýsingar um liðan sína í gegnum smáforrit, sem og vefgátt sem leyfir heilbrigðisstarfsfólki að meta hvernig sjúkdómurinn er að þróast. Einnig býður kerfið upp á bein samskipti milli sjúklings og heilbrigðisstarfsfólks.

„Þetta gerðist mjög hratt. Við buðum fram aðstoð okkar enda vorum við sannfærð um að við gætum orðið að liði. Þær stafrænu lausnir sem við höfum þróað á síðustu sex árum innihalda flesta þá þætti sem þurfti í lausnina og því höfðum við traustan grunn til að byggja á. Það einfaldaði verkefnið mikið,“ segir Tryggvi Þorgeirsson, læknir og forstjóri Sidekick health.

Sidekick health er 22 manna fyrirtæki með fjölmarga viðskiptavinum um allan heim. Það var því ljóst að aðstoðar var þörf.



Tryggvi Þorgeirsson taldi Sidekick geta komið að liði og bauð fram aðstoð.

„Rögnvaldur Ólafsson hjá almannavörnum greip boltann á lofti og ég fékk símtal frá almannavörnum klukkan hálf níu á föstudagskvöldi þar sem óskað var formlega eftir lausninni. Teymið okkar, leitt af Ólafi Viggóssyni þróunarstjóra, fór strax á fullt, vann langt

fram á það kvöld og hefur unnið nánast allar vökustundir síðan. Ég hef aldrei orðið vitni að öðru eins. Þessa fyrstu helgi hringdi ég einnig í Hilmar Veigar Pétursson, forstjóra CCP, sem tók ákvörðun nánast samstundis um að bjóða aðstoð hóps vefþróara. Þá hefur

Það er magnað að sjá að á neyðartímum leggjast allir á eitt og ryðja öllum hindrunum úr veginum.

Tryggvi Þorgeirsson

samstarfið við hátt á annan tug sérfræðinga hjá heilbrigðisfyrirvöldum og almannavörnum gengið afar vel. Það er magnað að sjá að á neyðartímum þá leggjast allir á eitt og ryðja öllum hindrunum úr veginum,“ segir Tryggvi.

Kerfið var tilbúið til notkunar á tíu dögum, eitthvað sem hefði líklega tekið marga mánuði áður.

„Kerfið virkar þannig að sjúklingar svara einkennamatlista daglega og senda inn upplýsingar um liðan sína í gegnum smáforrit. Í gegnum vefgátt fylgist heilbrigðisstarfsfólk með þróun einkenna og metur hvort inngrips sé þörf – með stuðningi algóritma sem aðstoðar við að túlka áhættuna. Algóritminn er þróaður í samvinnu við ýmsa sérfræðinga, þar á meðal öflugan gagnavísindamann leidda af Guðmundi Hafsteinssyni, sérfræðingi í gervigreind. Í gegnum smáforritið geta sjúklingar einnig átt samskipti við heilbrigðisstarfsfólkið og fengið ýmsar upplýsingar og stuðning í formi myndbanda og textaskilaboða,“ segir Tryggvi.

Að hans sögn er markmiðið að létta álaginu á kerfið og tryggja að þeir sem mest þurfi á aðhlyningu að halda fái hana og það timanlega. bjornth@frettabladid.is

## Fresta gjalddaga á veiðileyfum

**COVID-19** Umhverfisstofnun hefur ákveðið að seinka gjalddaga á hreindýraveiðileyfum frá 15. apríl til 5. maí vegna COVID-19 faraldursins.

Ákvörðunin var tekin til að fjárhagsleg áhætta vegna veiðileyfanna verði ekki meiri en nauðsyn krefur fyrir leyfishafa. Veiðiheimildir ársins 2020 eru 1.325 hreindýr, 805 kýr og 520 tarfar. Verð á veiðileyfi fyrir kú er 80 þúsund krónur en 135 þúsund fyrir tarf.

Þá verður veiðileyfum til veiðimanna á biðlista ekki úthlutað fyrr en eftir nýjan gjalddaga nema þeir handhafar sem ekki hyggjast nýta sitt leyfi tilkynni það til Umhverfisstofnunar fyrir 5. maí. Veiðileyfum var úthlutað 14. mars síðastliðinn og óskar stofnunin eftir því að þeir sem ekki ætla að nýta leyfin tilkynni það til Umhverfisstofnunar sem fyrst. – bdi



Verð fyrir hreindýraveiðileyfi er 80 þúsund fyrir kúna og 135 þúsund fyrir tarfinn. Gjalddagnum hefur nú verið frestað til 5. maí. FRÉTTABLAÐID/VALLI



Fáðu lyfin send frítt heim

Þú hringir í síma 517 5500 eða sendir póst á [lyfsalinn@lyfsalinn.is](mailto:lyfsalinn@lyfsalinn.is)



**LYFSALINN**  
GLÆSIBÆ

**LYFSALINN GLÆSIBÆ**  
Álfheimum 74 104 Reykjavík  
Sími 517 5500  
[www.lyfsalinn.is](http://www.lyfsalinn.is)  
[lyfsalinn@lyfsalinn.is](mailto:lyfsalinn@lyfsalinn.is)

**OPNUNARTÍMI**  
Mán.- fös. kl. 08:30-18:00  
Laugardaga: Lokað

# Meira úrval

★  
100%  
HREIN  
AFURÐ  
★

**20%**  
afsláttur



California style  
ferskt Guacamole

**799** kr/pk



Úrbeinuð kjúklingalæri

**2.079** kr/kg

Verð áður 2.599 kr/kg



Ferskar  
tortillur

Maria and Ricardo's  
ferskar tortillur

verð frá **299** kr/pk

Tilboð gilda út 5. apríl



**20%**  
afsláttur

Kjúklingalundir

**2.039** kr/kg

Verð áður 2.549 kr/kg



**15%**  
afsláttur

Anamma hakk og bollur

**297** kr/pk

Verð áður 349 kr/pk



**15%**  
afsláttur

Alvöru borgarar úr  
íslensku ribeye

2x120 gr

**1.104** kr/pk

Verð áður 1.299 kr/pk

ÍSLENSKT  
**100%**  
NAUTAKIÚT



**20%**  
afsláttur

Ben and Jerry's

**799** kr/stk

Verð áður 999 kr/stk



Krispegg, Trompegg og  
Kremkegg frá Nóa Siríus

verð frá **2.399** kr/stk

Hólta

**Tilboð**



Eldaðir BBQ og buffaló  
kjúklingavængir 800 gr

**699** kr/pk

Verð áður 849 kr/pk



## Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðstorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

# HAGKAUP

## Friði spillt í raðhúsi með körfuboltavelli á lóðinni

**SKIPULAGSMÁL** Nágrannar í raðhúsalengju í Fossvogi deila um körfuboltasvæði sem íbúi í miðri lengjunni kom fyrir á lóð sinni.

Körfuboltasvæðið nær yfir drjúgan hluta af garðinum við mið-íbúðina í raðhúsalengju við Búland. Í febrúar í fyrra sendu eigendur íbúðar við hliðina byggingarfulltrúanum í Reykjavík bréf og spurðu hvort ekki þyrfti leyfi fyrir framkvæmdunum. Grasflöt hefði verið skipt út og hellulögn sett á nýjan og upphækkaðan jarðveg svo hægt væri að leika þar körfubolta. Byggingarfulltrúinn kvad upp úr með að ekki þyrfti leyfi.

Nágrannarnir kærðu niðurstöðu byggingarfulltrúans til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sögðu þeir að við lengjuna halli lóðirnar frá húsunum en að jarðvegurinn undir körfuboltavellinum hafi verið hækkaður talsvert.

„Ytri mörk „vallarins“ séu alveg á mörkum lóða húsanna tveggja svo að sandur, sem notaður hafi verið til að hækka „völlinn“, flæði yfir á lóðir nágranna og þar á meðal yfir beð á lóðarmörkunum,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.

Þá segja kærendurnir að ófriður fylgi körfuboltaæfingum því völlu-urinn sé í um sex til tíu metra fjarlægð frá svefnherbergjum. „Þegar mest á gangi sé varla hægt að hafa svaladyr eða glugga á efri hæð opna.“

Kærendurnir óttast enn fremur að verðmæti húss þeirra rýrni. „Að mati fasteignasala muni fólk setja það fyrir sig að kaupa hús í rölegu



Körfuboltasvæði fyllir vel út í eina raðhúsalóðina. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

íbúðarhverfi þegar körfuboltavöllur sé á næstu lóð. Hið fjárhagslega tjón bætist við þau áhrif sem framkvæmdin hafi þá þegar haft á liðan kæranda, en gróflega sé brotið á rétti þeirra til að njóta fríðsældar í og við heimili sitt,“ segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar.

Eigendur körfuboltavallarins létu ekki til sín taka við meðferð málsins en Reykjavíkurborg sagði um að ræða minniháttar breytingu sem sé undanþegin byggingarleyfi. Ekki sé um eiginleg lóðamörk að ræða svo ekki þurfi samþykki íbúa húsanna sem eru sitt hvorum megin.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er sú að fella úr gildi ákvörðun byggingarfulltrúans. „Með hinni umdeildu framkvæmd var gerður láréttur hellulagður flötur út að lóðarmörkum raðhúsalengjunnar til suðurs, en það er umtalsvert lengri láréttur flötur en heimilt er að hafa samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins.“ – gar



Þessi hrörlegu hesthús við Kaldárselsveg víkja fyrir vegi að íbúðahverfinu fyrir ofan. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Krefjast bóta fyrir að missa hesthúsin sín

Eigendur hesthúsa á leigulóðum við Kaldárselsveg krefjast þess að Hafnarfjarðarbær greiði þeim bætur fyrir að fjarlægja húsin. Vísað er í fordæmi frá 2006 er greiddar voru 13,2 milljónir fyrir hesthús sem bærinn leysti þá til sín.

**HAFNARFJÖRDUR** Fjarlægja þarf hesthús við Kaldárselsveg vegna nýrrar tengibrautar sem liggja á um svæðið. Lögmaður hesthúsaeigendanna segir þeim gert að fjarlægja húsin á eigin kostnað og án bóta.

Samkvæmt bréfi Sveins Guðmundssonar hæstaréttarlögmans til Hafnarfjarðarbæjar telja eigendur hesthúsa á lóð við Hlíðarenda að bæjaryfirvöld brjóti á þeim með því að vísa þeim af leigulóðum sínum án þess að greiða fyrir það bætur. Á umræddri lóð eru ellefu 49 til 80 fermetra hesthús í tveimur byggingum.

Lögmaðurinn bendir á í bréfi sínu að fyrir tveimur árum hafi verið gerður nýr samningur við lóðarhafa á aðliggjandi hesthússvæði. Í honum sé ákvæði um að Hafnarfjarðarbær greiði matsverð fyrir mannvirki á lóðunum vilji bærinn ekki endurnýja lóðarleigusamningana.

Sveinn segir eigendurna hafa fengið misvísandi skilaboð á fyrri stigum. Hann telur að bréf frá sviðsstjóra hjá Hafnarfjarðarbæ

Er verið að fara gegn meginreglum stjórnvísingur og þeim vikið til hliðar, það er meðalhöfs- og jafnræðisreglum.

Sveinn Guðmundsson, lögmaður hesthúsaeignaða við Kaldárselsveg



hafi gefið þeim tilefni til að halda að ekki þyrfti að fjarlægja húsin. „Varðandi tengibrautina er mun styttra í hana en ég reikna ekki með að hún fari alveg nálægt hesthúsunum ykkar,“ vitnar hann í bréf sviðsstjórans.

Kveður lögmaðurinn stjórnvöld eiga að gæta samræmis og jafnræðis. „Gögn í þessu máli eru ekki í samræmi við meginreglur í stjórnvísingunni eins og Hafnarfjarðarbær vill halda á málum,“ skrifar hann og tiltekur hann kaupsamning frá

árinu 2006. Samkvæmt honum keypti Hafnarfjarðarbær 162 fermetra hesthús á 13,2 milljónir króna.

Leggur Sveinn fram matsgerð frá þeim tíma sem sýnir að lítið hafi verið fram hjá ákvæði í lóðaleigusamningnum. „Matsmenn taka ekki, í verðmati þessu, mið af þinglýstu skjali frá 20. júní 1967 þar sem fram kemur að bæjarsjóði sé, hvenær sem er, heimilt að taka landið til sín án endurgjalds fyrir mannvirki sem á því standa eða ræktun þess,“ vitnar hann í matsgerðina.

„Þegar borin eru saman ofangreind viðskipti Hafnarfjarðarbæjar, kjör og nýlegir leigusamningar sem fasteignaeigendur hesthúsa á sama svæði hafa samþykkað við umbjóðendur mína þá er verið að fara gegn meginreglum stjórnvísingur og þeim vikið til hliðar, það er meðalhöfs- og jafnræðisreglum,“ skrifar lögmaðurinn. Bréf lögmans hesthúsaeigendanna var lagt fram á síðasta fundi bæjarráðs sem fól bæjarlögmanni að svara erindinu. gar@frettabladid.is

## Stærsta rannsókn á mergæxli í heimi

**HEILBRIGÐISMÁL** Í dag kynnis Sigrún Þorsteinsdóttir lækni fyrstu niðurstöður úr rannsókninni Blóðskimun til bjargar og verður þeim fjarvarpað frá Blásólum á Landspítalanum. Rannsóknin sem snýst um skimun fyrir mergæxlum er einstök í veröldinni vegna stærðarinnar.

Samkvæmt Sigrúnu hafa 80 þúsund manns heimilað blóðtöku síðan verkefnið hófst árið 2017 og þegar hafa verið tekin 67 þúsund sýni. Fundist hefur svokallað forstíg mergæxlis hjá 2.900 manns, eða 4,7 prósentum af þeim sýnum sem hafa verið greind. Eitt prósent af þeim sem eru með forstígð fær mergæxlið sjálfst en í rannsókninni sjálfri hafa 24 verið greindir og fengið viðeigandi krabbameinsmeðferð í kjölfarið.

„Núna er vinnan að finna út úr því hverjir það eru sem fá mergæxli og hvort það borgi sig að skima fyrir forstiginu,“ segir Sigrún. Ekki



Sigrún Þorsteinsdóttir lækni.

sé tímabært að svara síðarnefndu spurningunni á þessu stigi.

„Mergæxli er sjúkdómur sem lengi var talinn ólæknandi en á

» 24 hafa verið greindir með mergæxli í rannsókninni.

síðustu árum hafa nýjar meðferðir komið fram. Lifunin hefur því farið batnandi. Við vonumst til þess að geta endurskilgreint þetta krabbamein í krónískan sjúkdóm sem hægt sé að halda niðri,“ segir Sigrún.

Flestir sem fá mergæxli eru í kringum sjötugt og aðeins fleiri karlar greinast en konur. Fáir þekktir áhættuþættir eru til staðar. „Þessi rannsókn er sú stærsta í heiminum og við erum mjög þakklát þjóðinni fyrir að taka þátt.“

Rannsókninni átti að ljúka í sumar en vegna COVID-19 gæti framhald rannsóknarinnar tafist. – khg

# KRONAN

Bragða  
refur ...  
Heima í stofu!

Hindber og kókosbollur? Hvað setur þú í þinn?

Afgreiðslutímar á [www.kronan.is](http://www.kronan.is)



## Hefur þú verlað í vefverslun Epal?

Yfir 9 þúsund vörur; gjafavörur, húsgögn og ljós  
eftir frægustu hönnuði heims.

Njóttu þess að verla heima í stofu. **Frí heimsending.**

[www.epal.is](http://www.epal.is)





Í Mið-Afríkulýðveldinu búa 4,7 milljónir manns. MYND/GETTY

## Mikill skortur á öndunarvélum

**AFRÍKA** Samkvæmt Norska flóttamannaráðinu búa heilbrigðisyfirvöld í Mið-Afríkulýðveldinu aðeins yfir þremur öndunarvélum til að nýta í COVID-19 faraldrinum. Í landinu búa 4,7 milljónir manna.

Sex COVID-19 tilfelli hafa verið greind í landinu, en vegna skorts á prófunum kunna mun fleiri að vera smitaðir.

Mið-Afríkulýðveldið er eitt af verst búnu ríkjum heims til að takast á við faraldurinn að mati Sameinuðu þjóðanna. Um 2,2 milljónir manna þar í landi þarfnast nú þegar heilbrigðisaðstoðar, sem er að mestu á vegum mannúðarsamtaka. Nærri 700.000 manns eru á flotta frá heimilum sínum og helmingur þeirra býr í þéttbýlum búðum með lélegu aðgengi að vatni og ófullkominni hreinlætisaðstöðu. – atv



Það er tómlegt á Rauða torginu í Moskvu þessa dagana. MYND/GETTY

## Atvinnulífið stöðvað í apríl

**RÚSSLAND** Vladimir Pútín, forseti Rússlands, tilkynnti í gær að launad fri sem rússneska þjóðin er í þessa dagana skyldi framlengt út aprílmánuð. Þessi ákvörðun var tekin sama dag og útgöngubannið í Moskvu var framlengt fram í maí.

Pútín tilkynnti í síðustu viku að rússneska þjóðin skyldi halda sig heima en halda fullum launum í von um að stöðva frekari útbreiðslu kórónaveirunnar. Undantekningar verða veittar fyrir starfsfólk í störfum sem nauðsyn er að sé sinnt.

– kpt

## Lofar bónusum í baráttunni

**RÚMENÍA** Heilbrigðisstarfsfólk í Rúmeníu fær bónusgreiðslur upp á fimm hundruð evrur á mánuði á meðan það aðstoðar við að takast á við kórónaveirufaraldurinn. Forseti Rúmeníu, Klaus Iohannis, tilkynnti þetta í gær en um 15 prósent þeirra sem eru smitaðir í Rúmeníu eru heilbrigðisstarfsmenn.

Í gær var búið að staðfesta 2.738 tilfelli af COVID-19 í Rúmeníu og hafði þeim þá fjölgað um rúm 10 prósent, eða 278, frá deginum áður. Alls hafa 94 látið lífið í Rúmeníu af völdum veirunnar en 267 hafa náð sér að fullu. Í höfuðborginni Búkarest voru 505 manns greindir með smit en í Rúmeníu allri búa tæpar tíu milljónir.

„Ég skipaði ríkisstjórninni að taka styrkinn sem okkur barst frá Evrópusambandinu og útdeila 500 evrum mánaðarlega til starfsfólks í fremstu víglínunni sem rannsakar smit og hjúkran þeim sem eru smitaðir.“ – kpt

## Gasalega flott



Palestínskir listamenn á Gasasvæðinu skreyta andlitsgrímur til að hvetja fólk til að nota þær sem varúðarráðstöðföng gegn COVID-19. Heilbrigðisráðuneyti Palestínu er uggandi yfir þeim tilfellum sem hafa greinst, þar sem mannskap skortir og allan búnað til að takast á við frekari útbreiðslu veirunnar. Alls greindist 21 með kórónaveiruna í Palestínu í gær og hafa þá samtals 155 manns greinst með veiruna í landinu. MYND/EPA

# Milljónir verða atvinnulausar

Evrópulönd eru misjafnlega búin undir að takast á við efnahagslegar afleiðingar COVID-19 faraldursins sem kann að kosta milljónir manna vinnuna. Ítalir hafa óskað eftir aðstoð en komið að luktum dyrum.

**EVROPA** Að minnsta kosti ein milljón manns í Evrópu hefur misst vinnuna vegna COVID-19 faraldursins. Þetta er haft eftir verkalýðsfélögum margra Evrópulanda og nær talan aðeins til þeirra launþega sem hafa sótt um atvinnuleysisbætur.

Skömmu fyrir þær ráðstafanir sem gripið var til vegna COVID-19 faraldursins var atvinnuleysi innan Evrópusambandsins minna en það hafði verið í um tuttugu ár. Í nýrri skýrslu Eurostat mældist atvinnuleysi innan ríkja Evrópusambandsins í febrúarmánuði aðeins um 6,5 prósent, sem er það minnsta sem það hefur verið frá því að stofnunin hóf mælingar árið 2000.

Skýrsla Eurostat fyrir marsmánuð verður gefin út í lok apríl þar sem betur verður hægt að sjá áhrif faraldursins.

Í Svíþjóð var tæplega 37 þúsund manns sagt upp í mars, meira en tíu sinnum fleiri en á sama tíma í fyrra. Samkvæmt Magdalenu Andersson, fjármálaráðherra Svíþjóðar, er þetta aðeins byrjunin. „Við teljum að það muni taka nokkur ár fyrir efnahagslífið að jafna sig.“ sagði hún en sænska ríkisstjórnin áætlað að atvinnuleysi muni ná níu prósentum í lok 2020 miðað við 6,8 prósent árið áður.

Í Danmörku misstu yfir 33 þúsund manns vinnuna og í Noregi fór atvinnuleysi yfir tíu prósent í mars, en það hefur ekki verið meira þar í landi síðan á fjórða áratugnum. Norðurlöndin og önnur Evrópulönd hafa reynt að styðja við bakið á fyrirtækjum í faraldrinum til að koma í veg fyrir enn frekari uppsagnir.

Í Þýskalandi hafa mörg fyrirtæki nýtt sér hina svokölluðu skammtímavinnu eða Kurzarbeit. Úrræðið var sett á laggirnar í kjölfar



Frá Stokkhólm á háannatíma. Í Svíþjóð hafa á þriðja hundruð manns látist af völdum COVID-19. MYND/GETTY

far seinni heimsstyrjaldarinnar þar sem starfsfólk vinnur ýmist í minnkuðu starfshlutfalli eða vinnur ekki og ríkið borgar hluta af launum þess. Minni fyrirtæki hafa þó neyðst að gripa til uppsagna og hafa margir sjálfstætt starfandi lent í erfiðleikum með að fá stuðning frá ríkinu. Hagfræðistofnunin Ifo spáir því að þýska hagkerfið gæti orðið fyrir 20,6 prósentu samdrætti og 1,8 milljónir þjóðverja gætu misst vinnuna vegna faraldursins.

Þau Evrópulönd sem verst hafa orðið fyrir barðinu á kórónaveirunni með tilliti til dauðsfalla og fjölda greindra smita eru Ítalía og Spánn. Þrátt fyrir að líkur séu á að nú hægi á útbreiðslu faraldursins

Við teljum að það muni taka nokkur ár fyrir efnahagslífið að jafna sig.

Magdalena Andersson, fjármálaráðherra Svíþjóðar



þar eru horfur fyrir hagkerfi landanna ekki góðar.

Hagkerfi Ítalíu hefur ekki náð sér á strík eftir fjármálahrunið 2008 en stór hluti af allri framleiðslu á Ítalíu

fer fram í norðurhluta landsins sem lenti hvað verst í faraldrinum. Þá er stór hluti nýrra atvinnulausra á Ítalíu í ferða- og þjónustugeiranum sem hefur augljóslega orðið fyrir miklum búsifjum.

Á Spáni settu stjórnvöld ströng viðurlög við uppsögnum. Í kjölfar faraldursins hafa um tvær milljónir Spánverja misst vinnuna tímabundið og ekki er ljóst hvort þau verði enn þá til staðar þegar faraldurinn er genginn yfir.

Ítölsk stjórnvöld hafa biðlað til annarra landa Evrópusambandsins um að sameinast um að borga reikninginn vegna faraldursins en Þýskaland og Holland hafa til þessa hafnað því. [arnartomas@frettabladid.is](mailto:arnartomas@frettabladid.is)



**LÆGSTA  
VERÐIÐ  
Í ÖLLUM  
LANDS-  
HLUTUM**

Orkan býður lítrann á lægsta verðinu í öllum landshlutum – án allra skilyrða.



# Afneitun



Hörður Áegisson  
hordur@frettabladid.is

Heimshagkerfið er að fara að sigla í gegnum dýpri kreppu en sést hefur í meira en hundrað ár. Á tveimur vikum hafa tíu milljónir sótt um atvinnuleysisbætur í Bandaríkjunum en sá fjöldi jafngildir rúmlega sex prósentum alls vinnumarkaðarins þar í landi. Það er aðeins byrjunin. Staðan á eftir að versna verulega áður en hægt er að gera sér væntingar um bata í alþjóðlegu efnahagslífi. Þótt kórónaveirufaraldurinn gangi niður fyrir sumarið mun áhrifanna gæta lengur. Enginn veit með vissu hvenær, eða að hvaða marki, þær sóttvarnaaðgerðir sem stjórnvöld um allan heim hafa ráðist í verða dregnar til baka – og hvort það þurfi að grípa til þeirra á ný síðar meir. Fjöldagjaldprot fyrir-tækja og stóruakíð atvinnuleysi þýðir að stórum hluti atvinnulífsins og heimila verður lamaður um skeið. Það mun taka tíma áður en bjartsýni neytenda, og þá um leið einkaneyslan, fer að risa og afleiðingarnar verða því skert áhættusækni og fjárfestingarvilji fyrir-tækja.

Ferðapjónustan á Íslandi skapaði um 500 milljarða í gjaldyristekjur í fyrra. Hægt er að slá því föstu að þær tekjur muni að stórum hluta þurrkast út á yfirstandandi ári. Líklegasta sviðsmyndin er að nánast engir erlendir ferðamenn komi til landsins í sumar. Fyrir unga atvinnugrein sem hefur vaxið hratt, með fá stór og fjárhagslega sterk fyrirtæki, verða afleiðingarnar skelfilegar. Aðrar helstu útflutningsgreinar landsins – sjávarútvegurinn, framleiðsluáður og ál-fyrirtæki – eru einnig að verða fyrir þungu höggi vegna minnkandi eftirspurnar á heimsvísu. Fimmtán þúsund eru nú á atvinnuleysisrá og þá eru um 25 þúsund manns í hlutabótaleiðinni þar sem ríkið tekur á sig launakostnað þeirra sem eru í skertu starfshlutfalli. Fjöldi atvinnulausra er því í reynd um 40 þúsund, eða rúmlega 20 prósent af vinnumarkaðnum. Viðbúid er að það hlutfall eiga eftir að hækka verulega.

Því miður eru sumir í afneitun. Skortur á jarðtengingu hjá sumu forystufólki í verkalýðshreyfingunni er ekki nýmæli. Flestir hefðu þó talið að við þessar aðstæður, þar sem allt samfélagið er á hliðinni, væri hægt að hægja ná samstöðu um hófstílltar aðgerðir til að létta undir með fyrirtækjum svo ekki yrði þörf á að ganga lengra en nauðsyn krefur í uppsögnum. Svo reyndist ekki vera af hálfu forseta ASÍ og formanns Eflingar. Aðrir verkalýðsleiðtogar voru reiðubúnir að sýna raunsæi og leggja til leiðir sem hefðu varið hagsmunum launafólks en um leið mildað höggið sem atvinnulífið tekur á sig með þeim samningsbundnu launahækkunum sem tóku gildi um mánaðamótin.

Launahækkarnir í miðri alheimskreppu, sem hittir Ísland sérstaklega illa fyrir, hafa augljósar afleiðingar. Verkefnið nú um stundir er ekki að hækka laun heldur, eins og ætla mætti að væri frumskylda þeirra sem stýra stéttarfélagunum, að verja störfín – önnur sjónarmið væru víkjandi hagsmunir. Launakostnaður atvinnulífsins mun aukast um 50 milljarða á ársgrundvelli, eða um fjóra milljarða á mánuði, takist ekki að ná samkomulagi um að fresta þeim hækkunum þangað til betur árar í efnahagslífinu. Öllum má vera ljóst að þessir fjármunir eru ekki til hjá fyrirtækjum landsins. Sá hópur sem nú ræður för innan ASÍ kys hins vegar að setja kíkinn fyrir blinda augað. Það væri mögulega léttvægt ef staðan væri ekki eins grafalvarleg.



Verkefnið nú um stundir er ekki að hækka laun heldur að verja störfín og halda fólki í vinnu.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Dómgreindarleysi**  
Það eru fyrir löngu orðin viðurkennd vinnubrögð opinberra stofnana þegar kemur að fjölmöldum að þegja mál í hel og þykjast ekkert vita. Það er aðeins annað þegar spítali gerir það sama gagnvart sóttvarnalækni í miðjum faraldri. Andrúmsloftið á upplýsingafundi almanna- og félagsmála var þrungnið í gær og fannst það alla leið heim í stofu. Margt spilar þar inn í, enda erfiðir tímar, en dómgreindarleysi spítalans hjálpaði ekki til.

**GPS-ólin**  
Eflaust er margur snjallsímaeigandinn búinn að sækja sér rakningarapp Landlæknis og almanna- og félagsmála sem kom formlega út í gær. Ef notkun þess heldur áfram í einhverjum félags- eða mannfræðilegum tilgangi eftir að faraldurinn er liðinn hjá mun það setja tilveru okkar í annað ljós. Miðað við samfélagsmiðla eru allir alltaf á faraldsfæti að gera eitthvað rosalega spennandi. Ferðast til framandi staða að upplifa einhver ævintýri. Sannleikurinn er hins vegar sá að eins og þegar GPS-ól er sett á ketti kemur í ljós að flest hringsólum við í kringum sófann, kikjum út á sömu tvo staðina áður en við finnumst undir rúmi.  
arib@frettabladid.is

## Stoltur af starfsólki og nemendum HÍ



Jón Atli Benediktsson  
rektor Háskóla Íslands

Heimfaraldurinn sem nú geisar hefur eðlilega haft mikil áhrif á Háskóla Íslands, stærstu og öflugustu menntastofnun landsins. Það hafa verið forréttindi að fylgjast með viðbrögðum nemenda og kennara við þeim áskorunum sem fylgdu því að loka skólanum með skömmum fyrirvara og flytja nám og kennslu alfarið á netið.

Háskólar eru samfélög og það krefst útsjónarsemi, frumkvæðis og skipulagningar nemenda, kennara og alls starfsfólks, að halda utan um og hlúa að okkar samfélagi nú þegar samskiptin eru rafræn. Kennarar hafa staðið sig einstaklega vel, ekki bara við að færa námið í nýjan búning, heldur einnig við að standa vörð um gæðin sem nemendur við Háskóla Íslands eiga rétt á.

Öll erum við að læra eitthvað nýtt á hverjum degi. Ég hef dáðst að seiglu og sveigjanleika starfsfólks skólans við að gjörbreyta því vinnulagi sem við erum vön í skugga faraldursins til að tryggja að Háskólinn starfi áfram. Hver einasti starfsmaður hefur gefið allt sitt í stuðningi við nemendur og kennara skólans.

Þá er ég sérstaklega stoltur af öllum þeim nemendum og starfsfólki sem leggur sitt af mörkum í baráttu samfélagsins við þann illviga faraldur sem nú herjar á mannkynið. Vísindamenn okkar vinna náið með Landspítalanum, Landlækniseimbættinu og yfirvöldum að ýmsum verkefnum sem tengjast faraldurinum og hafa m.a. þróað spálíkan um þróun COVID-19 hérlendis. Nemendur Háskólans taka þátt í störfum smitakningarteymis almanna- og félagsmála. Vísindavefurinn hefur tekið saman allt tiltækt efni um veirur. Doktorsnemi í sálfræði hefur útbúið fræðslufni um sjúkdóminn fyrir börn. Starfsfólk okkar stendur fyrir netmenntabúðum og síðu með stuðningsefni fyrir foreldra og skóla- og fristundafólk. Svo fátt eitt sé upptalið.

Gildi vísinda, sérfræðiþekkingar og vel menntaðs atvinnulífs hefur aldrei verið jafn ljóst og nú. Samstaða og förnýsi starfsfólks og nemenda fyllir mig bjartsýni um að Háskólinn standi sterkur í þessum ölgusjó og að senn komi sumar með betri tíð fyrir okkur öll.



Gildi vísinda, sérfræðiþekkingar og vel menntaðs atvinnulífs hefur aldrei verið jafn ljóst og nú.

## Hornsófi Chicago

2 horn 3, hægt að panta sem tungusófa, U sófa eða bara eins og hentar.



Komið og skoðið úrvalið



HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

# Vorið kemur, heimur hlýnar

Í DAG



Þorbjörg  
Sigríður  
Gunnlaugs-  
dóttir

Kaffítíminn er samkvæmt venju í öllum síðuðum samfélögum klukkan 15. Þannig hefur það alltaf verið og ef minnið svikur mig ekki alveg eru fyrstu heimildir þessa að finna strax í Egils sögu. Menn héldu vígum sínum áfram eftir að hafa sest niður með kaffi og kruður, enda ekki mikið vit í því að ætla út í bardaga með sverð og skjöld á tóman maga. Og fyrir þá sem trúa því að öll smáatriði eigi heima í nýju stjórnarskránni þá væri kaffítíminn auðvitað rækilega festur einmitt þar, klukkan 15. En í nýjum veruleika Íslands hefur kaffítími þjóðar færst til klukkan 14. Breyttar aðstæður kalla jú á breyttan kaffítíma. Klukkan 14 sit ég nú, eins og meirihluti þjóðarinnar, í sjónvarpssófanum með kaffi og horfi á Ólmu, Þórólfi og Víði. Þetta eru fagmennirnir okkar, en þau eru líka viðkunnanlegir fagmenn og þau eru sjarmerandi fagmenn. Það hefur raunverulegan tilgang að þau hafi þessa eiginleika. Þannig ná þau auðvitað athygli okkar. Þetta er dálítið mikilvægt atriði þegar við nálgumst þennan daglega fund líka sem sjónvarpsefni. (Og sem kona finnst mér ég geta sagt, og eiginlega að verða að nefna, að Alma er með gott hár.)

## Þriggja mínútna kyrrðin

Þegar þetta er skrifað hafa verið sýndir 33 þættir í seríunni um þremningana. Ég hef séð þá alla. Sem dyggur áhorfandi þáttarins finnst mér ég nú geta skilið og skynjað margt í seríunni sem ekki var augljóst í byrjun, til dæmis hvað býr að baki því að hefja útsendingu klukkan 14 en fundinn sjálfan klukkan 14.03. Þessar þrjár mínútur sitjum við saman í sófanum í þögninni, án þess kannski að gera okkur grein fyrir því. Þar hefur verið sett á dagskrá stutt kyrrðarstund. Hugleiðsla þjóðar. Þessar þrjár mínútur getum við líka fylgst með okkar fólki gera sig klárt. Við sjáum þau velja púlt, við sjáum hvernig fagmenn spritta hendur og stundum sjáum við þau hvislast á. Ég hef ásamt litlum hópi fólks velt hvislinu töluvert fyrir mér. Sem stendur er sú kenning sterkust að þar sé um að ræða veðmál þremninganna um fund dagsins. Veðmálið snúist um hvort Björn Ingi Hrafnsson muni spyrja sömu spurningarinnar 33. daginn í röð. Flestir leikskýrendur gefa Þórólfi þann dóm að þar sýni hann mikinn karakter, þegar hann getur látið eins og fram sé komin fersk nálgun. Það er síðan ekki fyrr en þarna, þegar Víðir opnar fundinn, sem við fáum að sjá hver gestafyrirlasari dagsins verður. Þeir hafa verið allnokkrir. Það var stórt þegar líftölfræðingur birtist og talaði við þjóðina eins og hún væri fullnuma í þeim fræðum. Hann gerði það mjög vel og tókst að sefa okkur þann daginn. Takk fyrir það, líftölfræðingur. Nú þegar margir eru farnir að vinna heima og hafa yfirgefið starfsstöð, þá hefur liðanin stundum verið eins



Við sjáum þau velja púlt, við sjáum hvernig fagmenn spritta hendur og stundum sjáum við þau hvislast á. Ég hef ásamt litlum hópi fólks velt hvislinu töluvert fyrir mér. Sem stendur er sú kenning sterkust að þar sé um að ræða veðmál þremninganna um fund dagsins. Veðmálið snúist um hvort Björn Ingi Hrafnsson muni spyrja sömu spurningarinnar 33. daginn í röð.

og við séum stödd í grunnbúðum fjalls á leið upp ógnarháan tind. Þessi stöðufundur segir samfélaginu hvernig aðstæður eru á fjallinu þann daginn og þessi fundur sefar þá sem finna fyrir lofthæðslu og kvíða. Þórólfi hefur síðustu daga sagt að við séum komin í fyrstu búðirnar en í ljósi aðstæðna sé annað ekki forsvaranlegt en að fara varlega.

## Áhlaup á rakarastofurnar

Birtingarmyndir þessa áfalls sem þjóðin er að upplifa eru margar. Þær eru sannarlega misalvarlegar og sumar reyndar alveg lausar við að vera alvarlegar. Í hrúnu 2008, sem þetta nýja áfall er auðvitað borið saman við, upplifðum við áhlaup (run) á bankana. Þessi krísa hefur leitt af sér áhlaup en ekki á bankana, heldur á rakarastofurnar. Áhugafólk um gott hár sér nú hvaða fjölmíðlamenn náðu ekki áhlaupinu og fara tæpir inn í nokkur mánaða tímabil með vont hár. Hið fallega ljósa hár kvenna er í útrýmingarhættu og fyrir karlmanninn gæti tími vatnsgreiðslunnar verið að renna upp.

## Sjónvarp allra landsmanna

Í nýjum veruleika, þar sem margir hafa áhyggjur, gerir sjónvarpsþáttur þremninganna meira en að upplýsa þjóðina, meira en að vekja okkur til meðvitundar um alvarleika máls og meira en að sefa þjóðina. Það er dálítið afrek hjá þremur ríkisstjórnsmönnum (já, Viðskiptaráð, þeir vinna líka), sem sáu ekki fyrir að vera í beinni á hverjum degi þegar þau völdu sér starf. Alma hefur lagt áherslu á að halda í gleðina (en vildi að vísu hafa af okkur stuðningsmönnum hennar rauðvinsglasíð sem við leyfum okkur stöku sinnum. Það geta allir gert mistök. Líka Alma.) Eftir þátt spjallar þjóðin um hvað Alma sagði, hvernig Víðir opnaði og hvernig Þórólfi tæklaði spurningar um allt. En líka ekkert. Þátturinn er einhver fasti í tilveru sem er óljós. Alma sagði um daginn að veiran væri samkvæm sjálfri sér um hvernig hún hegðar sér. Fram til þessa höfum við að mestu verið það líka, sammála og samkvæm sjálfum okkur um að fara saman í gegnum þetta. Við finnum sárt til með þeim sem hafa veikt alvarlega og fjölskyldum þeirra. Og við þráum daginn þegar við verðum komin upp fjallið. Þar mun vorið bíða okkar. Og heimur hlýnar.

# Aðalfundur Landsbankans 2020

Aðalfundur Landsbankans hf. verður haldinn miðvikudaginn 22. apríl 2020 kl. 13:00. Fundinn átti upphaflega að halda 27. mars 2020 en honum var frestað vegna útbreiðslu Covid-19. Fundurinn verður haldinn í Austurstræti 11, Reykjavík.

## Drög að dagskrá

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
4. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
5. Tillögur til breytinga á samþykktum.
6. Kosning bankaráðs.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
9. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
10. Önnur mál.

## Áhrif samkomubanns á mætingu á fundinn

Í ljósi útbreiðslu Covid-19 og ákvörðunar heilbrigðisráðherra um samkomubann beiðir bankaráð því til hluthafa að mæta ekki á fundarstað. Gert er ráð fyrir að einungis bankastjóri, formaður bankaráðs og endurskoðandi ásamt starfsfólki fundarins verði viðstödd á fundarstað. Hluthafar geta tekið þátt í skriflegri atkvæðagreiðslu um tillögur á fundinum fyrirfram í samræmi við eftirfarandi.

## Framkvæmd atkvæðagreiðslu og þátttaka hluthafa

Hluthafar sem vilja taka þátt í skriflegri atkvæðagreiðslu fyrirfram um tillögur á fundinum geta nálgast eyðublað á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

Til að greiða atkvæði skriflega þarf hluthafi að senda útfyllt eyðublað, undirritað, dagsett og vottað, á netfangið [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is) fyrir kl. 11:00 á fundardag, miðvikudaginn 22. apríl 2020.

Hluthöfum gefst kostur á að fylgjast með fundinum, þ.m.t. atkvæðagreiðslu, í gegnum fjarfundabúnað. Hluthafar geta lagt fram fyrirspurnir vegna aðalfundarinnar, komið á framfæri breytingartillögum eða sett fram óskir um að taka til máls með því að senda erindi á framangreint netfang, hvort sem er fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur. Leiðbeiningar um hvernig unnt er að fá aðgang að fundinum og senda inn slík erindi verða veittar á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

## Aðrar upplýsingar

Hluthafi á rétt á því að fá mál sett á dagskrá aðalfundar og leggja fram ályktunartillögur. Tillögur og óskir um að koma máli á dagskrá aðalfundar þurfa að vera skriflegar og berast á netfangið [adalfundur@landsbankinn.is](mailto:adalfundur@landsbankinn.is) fyrir kl. 16:00, þriðjudaginn 7. apríl 2020.

Endanleg dagskrá fundarins og gögn er lögð verða fyrir aðalfundinn verða gerð aðgengileg miðvikudaginn 8. apríl 2020 á vefsíðu bankans, <http://bankinn.landsbankinn.is/fjarfestar/adalfundur/>.

Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 skal tilkynna skriflega um framboð til bankaráðs skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Tilkynningar um framboð til bankaráðs skal senda á framangreint netfang fyrir kl. 13:00, föstudaginn 17. apríl 2020. Upplýsingar um framboðendur til bankaráðs verða lagðar fram og birtar á framangreindri vefsíðu bankans eigi síðar en tveimur dögum fyrir fundinn.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu í hlutafé í bankanum, að frádregnum eigin hlutum, sem eru án atkvæðisréttar.

Reykjavík, 3. apríl 2020.  
Bankaráð Landsbankans hf.

# Fjársjóðskista fótboltafélaga opnuð

Knattspyrnudeildir í efstu deild greiddu 1,6 milljarða króna í laun og launatengd gjöld. Ársreikningar félaganna birtust fyrir skömmu. Félögin töpuðu alls 76 milljónum á síðasta ári. Valsmenn högnuðust mest en Skagamenn töpuðu yfir 60 milljónum.

**FÓTBOLTI** Laun í knattspyrnudeild Breiðabliks jókst um rúmar 60 milljónir milli ára, knattspyrnudeild FH tapaði tæpum 24 milljónum, KR fékk tíu milljónum meira í miðasölu en félagið gerði ráð fyrir og bikarmeistarar Víkinga töpuðu tæpum 300 þúsundum þar sem laun ruku upp um 43 prósent milli ára og snerta nú 100 milljóna múrinn. Ársreikningar félaga í efstu deild runnu inn á heimasíður félaganna fyrir skemmstu þar sem ýmsar tölur og texti vekur athygli.

Töluvert hefur verið rætt og ritað um stöðu félaga í efstu deild og barma forkólfar félaganna sér nú yfir slæmri stöðu vegna COVID-19 faraldursins. Staðan var þó orðin slæm löngu fyrir hann.

Félög í efstu deild greiddu alls 1,6 milljarða í laun og er HK ekki tekið með þar sem félagið sundurliðar ekki laun. Launakostnaður hjá sjö félögum í efstu deild jókst milli ára. Blikar greiða langmest í laun og er eina liðið sem fer yfir 300 milljónir. Tölurnar eru þó ekki aðeins fyrir meistaraflokkinn heldur alla knattspyrnudeildina sem er ein sú fjölmennasta á landinu. Greinilegt er þó að Blikar eyða vel í sína leikmenn því í lok síðasta árs sagðist Thomas Mikkelsen, framherji liðsins, vera hér hjá á landi vegna peninganna enda fengi hann betur borgað hjá Blikum en þegar hann var í dönsku úrvalsdeildinni.

Staða Skagamanna er nánast sérkapítuli enda tapaði liðið heilum 62 milljónum á síðasta ári. Nýr framkvæmdastjóri ÍA, Geir Þorsteinson, skeiðaði fram á ritvöllinn og hvatti Skagamenn nær og fjær til að standa saman. „Nú hefur COVID-19 faraldurinn breytt rekstrarforsemdum knattspyrnufélaga með áður óþekktum hætti. Frá síðari hluta janúar á þessu ári hafa hlaðist upp óveðursský í rekstri félagsins en með samkomubanni hafa rekstrarhorfur knattspyrnufélaga versnað til mikilla muna þannig að í reynd hefur ástandið á nokkrum vikum orðið kolsvart.“

Páll Kristjánsson, nýr formaður knattspyrnudeildar KR, sagði í Sportinu í dag á Stöð 2 Sport í vikunni, að í hinum fullkomna heimi myndu íþróttafélögin borga 25 prósent af samningum, og ríkið kæmi inn með 75 prósent. „Umræðan verður alltaf þannig um leið og menn fara að tala um laun hjá karlmönnum í fótbolta, körfubolta eða handbolta, að hún verður mikið viðkvæmari. Eins og eitthvað jarðsprengjussvæði. Menn þora ekki að upplýsa um laun og það er ákveðin leyndarhyggja yfir þessu, sem ég skil reyndar ekki,“ sagði Páll í settinu á Stöð 2.

Valsmenn runnu á rassinn síðasta sumar í karlafótboltanum og það eru ekki endilega tölurnar í ársreikningi félagsins sem vekja athygli, en knattspyrnudeildin skilaði 16 milljóna króna hagnaði sem var mesti hagnaður liða í efstu deild. Valsmenn enduðu í sjötta sæti sem var langt frá þeim væntingum sem til liðsins voru gerðar. Miðasala fór niður um fjórar milljónir og útsendingarréttur um þrjár og hálf af þeim sökum. Aðrar rekstrartekjur hrundu um tæpar 50 milljónir en laun og launatengd gjöld fóru þó upp um 46 milljónir milli ára.

Valsarar hafa tekið á sig launalekkun út árið og var það sagt



Þrátt fyrir góðan árangur innan vallar skiluðu auglýsingar og samstarfsaðilar um 20 milljón krónum minna í kassann til KR-inga. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Það er himinn og haf á milli ársreikninga Breiðabliks og ÍA. Blikar högnuðust um 14 milljónir eftir 15 milljón króna tap árið áður. Skagamenn töpuðu 62 milljónum í fyrra en högnuðust um 48 milljónir árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vegna ástandsins nú en ekki vegna árangurs síðasta árs.

## Aðstaða skiptir máli

KR varð Íslandsmeistari með yfirburðum í fyrra og spilaði glimrandi fótbolta. KR gerði ráð fyrir að fá 11 milljónir í tekjur af miðasölu en fékk 19,5 milljónir. Fylkir fékk 13 milljónir í aðgangseyri en félagið tók í notkun glæsilegan gervigrasvöll með yfirbyggðri stúku og umgjörðin var öll til fyrirmyndar. Það skilaði 77 prósentu aukningu í miðasölu milli ára. Stjörnumenn

fengu átta og hálf milljón af miðasölu en tæpar 14 milljónir árið áður sem er 41 prósentu munur. Stjörnumenn eru stórhuga vegna umgjörðarinnar fyrir komandi ár og vilja breyta Stjörnutorgi í eitt glæsilegasta svæði íþróttanna. Valsmenn fengu 12 milljónir í aðgangseyri miðað við 16 milljónir þegar liðið varð meistari.

Víkingar fengu 10,5 milljónir í miðasölu miðað við 5,7 árið áður. Munar þar mestu að Bikarkeppnin skilaði félaginu 5,1 milljón í tekjur en Íslandsmótið skilaði 4,6 milljón-

um. Arnar Gunnlaugsson, þjálfari liðsins, skilaði bikarmeistaratitli og þó að úrslitin væru ekki alltaf hagstæð í deildinni fékk liðið mikið hrós fyrir fótboltann sem það spilaði. Það skilaði 84 prósentu aukningu í miðasölu. Víkingar eyddu líka heilum 283 prósentum meira í söluvarning og veitingar. Skemmtilegur fótbolta skilar sér greinilega í kassann þó hann kosti sitt, því Víkingar voru 262 þúsund krónur í mínus. Þótt tekjupóstarnir hafi allir farið upp greiddu þeir um 30 milljónum meira í laun en árið áður og

## Úr ársreikningum

Laun liða í efstu deild	2019	2018
Breiðablik	306	256 +
FH	174	168 +
Fylkir	104	115 -
HK	Ekki sundurliðað	
KA	125	109 +
KR	134	129 +
Stjarnan	217	223 -
Valur	234	188 +
Víkingur	95	66 +
ÍBV	72	80 -
Grindavík	90	93 -
ÍA	61	52 +

Alls 1,6 milljarðar

## Lið í plús

Valur	15,9 milljónir
HK	14,3 milljónir
Breiðablik	11,4 milljónir
Grindavík	1,67 milljónir
KR	849 þúsund

## Lið í mínus

ÍA	61,8 milljónir
ÍBV	27,87 milljónir
FH	23,7 milljónir
KA	5,53 milljónir
Stjarnan	5 milljónir
Fylkir	1,36 milljónir
Víkingur	262 þúsund

það sem kallað er annar rekstrarkostnaður jókst um 24 milljónir.

## Móttin skipta miklu

Þegar skoðað er hvað barna- og unglingamót skila knattspyrnudeildunum miklum tekjum kemur í ljós að Breiðablik ber höfuð og herðar yfir önnur lið. Blikar fengu um 110 milljónir í tekjur fyrir sín mót en Síamótið er eitt stærsta mót landsins ef ekki það stærsta. KA fær 32 milljónir af sínum mótum og Skagamenn fá 30 milljónir. benediktboas@frettabladid.is

# HJÓLIN KOMIN

Skoðaðu úrvalið á [everest.is](http://everest.is)



HEAD Troy I 27.5"  
Heildsöluverð 50.995,-



HEAD Granby Bafang 27.5+  
Heildsöluverð 239.995,-



HEAD I-Peak I 28"  
Heildsöluverð 49.995,-



HEAD E-Revelo RM 28"  
Heildsöluverð 174.995,-



HEAD Ridott I 24"  
Heildsöluverð 39.995,-



HEAD Junior 16"  
Heildsöluverð 23.995,-



HEAD Ridott I 20"  
Heildsöluverð 31.995,-



HEAD Ridott II 26"  
Heildsöluverð 45.995,-

## ÖLL HJÓL Á HEILDSÖLUVERÐI GERÐU VERÐSAMANBURÐ

Sendum frítt um allt land



MAMMUT  
SWISS 1862



HEAD



EYEWEAR & HELMETS

HILLEBERG  
THE TENTMAKER



RUDY  
PROJECT



GREGORY



Skeifunni 6 · [www.everest.is](http://www.everest.is)

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

**1920** Millilandaskipið Ísland er sett í sóttkví við komuna til Reykjavíkur vegna influensu um borð.

**1948** Harry S. Truman, forseti Bandaríkjanna, skrifar undir Marshall-áætlunina.

**1968** Martin Luther King yngri heldur fræga ræðu.

**1968** Bandaríska kvikmyndin Apaplánetan er frumsýnd.

**1969** Hungurvaka er haldin í tvo sólarhringa í Menntaskólanum í Reykjavík til að vekja athygli á hungri í heiminum.

**1973** Motorola sýnir í fyrsta sinn farsíma sem hægt er að hringja úr í gegnum farsímakerfi.

**1974** Alþingi lýsir Surtsey friðland.

**1975** Bobby Fischer neitar að heyja heimsmeistarainviði við Anatolij Karpov, þar með verður Karpov heimsmeistari.

**1984** Banni við hundahaldi er aflétt í Reykjavík, það hafði staðið síðan 1. september 1971.

**1986** IBM sýnir fyrstu kjöltutölvu fyrirtækisins, IBM Portable Personal Computer.



Elskuleg systir okkar, móðursystir og frænka,  
**Herdís Tómasdóttir**  
Klapparstíg 13,  
lést á heimili sínu 2. mars.  
Vegna aðstæðna í Þjóðfélaginu hefur útförin farið fram í kyrrþey.

Systkini og aðrir vandamenn.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Þorsteinn Pétursson**  
tryggingasölumaður,  
varð bráðkvaddur á heimili sínu þriðjudaginn 31. mars.

Sveinfríður Ólafsdóttir

Björn Þór Þorsteinsson  
Páll Jökull Þorsteinsson  
Pétur Ómar Þorsteinsson  
Mikael Þór Björnsson

Arna Pétursdóttir  
G. Agata Jakobsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Svanhvít HERNES Einarsson**  
til heimilis að Grýtubakka 8, áður Hagaseli 19, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 12. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

Álfhildur Kristín E. Fungo  
Ásdís Ásmundsdóttir  
Elfa Björk Ásmundsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Juan E. Fungo



Ástkær sambýlismaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,  
**Einar Kristinsson**  
eðlisfræðingur og kennari,  
lést á hjúkrunarheimilinu Eir 23. mars sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey vegna aðstæðna í samfélaginu.

Sophía Osvaldsdóttir

Magnús Orri Einarsson  
Steindís Elin Magnúsdóttir  
Theodór Einar Magnússon

Kristín Sigríður Harðardóttir

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.

## Ég vil finna það jákvæða

Það er nýtt fyrir Odd Júlíusson leikara að hafa ekkert fyrir stafni og vera heima á helgarkvöldum. Hann reynir að læra eitthvað af því, meðal annars að láta sér leiðast.

Oddur býr með sinni ágætu Ebbu Katrínu Finnsdóttur, þannig að hann er ekki einn. Hún er leikari í Þjóðleikhúsinu, eins og hann, þannig að bæði eru í sama pakka meðan samkomubannið ríkir.

„Við Ebba höfum verið dugleg að fara út að hreyfa okkur, förum daglega í göngu, hlaupa- eða hjólatúr og höldum okkur aðeins við með því,“ segir Oddur og lýsir líka verkefnum þeirra fyrir Þjóðleikhúsið á meðan þar eru engar sýningar í gangi. „Leikhúsið hefur verið að þróa nýjar leiðir til að þjónusta fólk. Ein þeirra nefnist því fallega nafni Ljóð fyrir þjóð. Þar fær einn gestur privat upplestur á ljóði eftir pöntun. Leikarinn sem flytur það stendur á Stóra sviðinu og gesturinn situr einn í stóra salnum. Nú í vikunni las Ebba ljóðið Brotnar borgir, eftir Steinunni Sigurðardóttur. Hún æfði flutninginn hér heima og las fyrir mig, enda varð hún að vanda sig og kynnast ljóðinu vel því hún þekkti það ekki fyrir. Þetta var bálkur upp á ellefu blaðsíður og tók korter í flutningi, þannig að sá hlustandi kunni að velja.“

### Samdi nýtt lag

Sjálfur kveðst Oddur hafa tekið þátt í verkefni sem nefnist Einleikarinn. „Þar opna leikarar Þjóðleikhússins smá glugga inn í líf sitt. Flestir eru með símaupptöku og sýna hvernig þeir verja tímanum, læra eitthvað, baka köku, eða gera ekki neitt,“ lýsir hann og heldur áfram: „Ég er hljóðfæraleikari líka og hef spilað á gítar og trommur frá því ég var ungur svo ég samdi nýtt lag á gítarinn, þunglyndislegt lag við textann Við læðumst hægt og hljótt á tá. Ég er nefnilega í hlutverki Jónatans ræningja í uppfærslu Þjóðleikhússins á Kardimommubænum sem átti að frumsýna 18. apríl en tafir verða auðvitað á. Í laginu reyni ég að átta mig á hver Jónatan er, án hinna ræningjanna – hvernig honum líði þegar hann stendur einn og ég komst að því að hann er ósköp umkomulaus. Þar var sleginn nýr tónn – Jónatan í einangrun, elsku karlinn.“

Getur þú haldið því hlutverki við núna? „Ég vil finna það jákvæða við ástandið og nú þegar við stoppum æfingar gefst betri tími til að hugsa um hlutverkið og leikritið, kannski opnast þá eitthvað nýtt fyrir mér. Þegar maður er að æfa er svo mikil keyrsla.“

### Lækning þjóðarsálar

Varstu með fleiri verkefni í gangi í Þjóðleikhúsinu? „Rétt áður en samkomubannið skall á átti að vera lokasýning á Einræðisherranum sem við vorum að sýna annað leikárið í röð. Það var farið að fækka í salnum, vegna veirunnar, og þegar einn leikari veiktist af flensu var ekki hægt að sjúkdómsgreina hann í tæka tíð svo við aflýstum sýningunni.“

Svo var ég aðstodarleikstjóri í Útsendingu sem var á Stóra sviðinu líka, vorum bara búin að sýna það verk sex sinnum, svo það átti eitthvað inni. Ebba var að leika í Þitt eigið tímaferðalag sem hefði örugglega verið í gangi langt fram á vor.“

Oddur veltir fyrir sér hvort fólk verði tilbúið að koma í leikhús um leið og samkomubannið verður aflétt eða hvort þjóðarsálin þurfi að jafna sig. „Þetta eru óvissutímar. En auðvitað er hvergi betra að lækna þjóðarsálin en í leikhúsi. Fólk getur gleymt veruleikanum á meðan og lært eitthvað í leiðinni,“ bendir hann á.

Sjálfur ákvað Oddur að læra eitthvað nýtt – að láta sér leiðast. „Undanfarin ár hefur verið mikið að gera hjá mér í leikhúsinu og þegar samkomubannið brast á, og vinnan var ekki lengur að kalla,



„Það er viss rannsókn fólgin í að staldra við og mæta sjálfum sér“. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Oddur Júlíusson og Ebba Katrín léku hvort móti öðru í Atómstæðinni síðasta haust í Þjóðleikhúsinu, hann var feimna löggan og hún Ugly. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

fann ég fyrir mikilli pressu. Fannst ég verða að nota tímann í að rækta mig á einhvern hátt og það voru ýmsar hugmyndir sem flugu um kollinn á mér.

Allt í einu fann ég það verðuga verkefni að prófa að láta mér leiðast og sjá hvað það felur í sér. Áttaði mig á að mér hefur ekki leiðst í mörg ár. Maður er alltaf með snjallsímann uppi og fyllir dagana sína þannig að maður stoppar varla heldur er á hlaupum og með enda-

laus verkefni í gangi til að hafa alltaf eitthvað að grípa í. Ég er núna að prófa að losa mig undan þessari pressu.

Það er viss rannsókn fólgin í því að staldra við og mæta sjálfum sér upp á nýtt. Veit ekki hvað ég held það út lengi. Kannski verð ég kominn í einhverjar framkvæmdir hér heima áður en við er titið. Á þó eftir að fá samþykki fyrir því.“

[gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)

# WÉLÓFÉ

FÖSTUDAGUR 3. APRÍL 2020

Lífsstíll



Björk Guðmundsdóttir hefur meðal annars starfað sem fimleikabjálfi, hjúkrunarfræðingur og flugfreyja. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Þýðir ekkert annað en að vera bjartsýnn

Björk Guðmundsdóttir hefur starfað sem fimleikabjálfi hjá Gerplu um árabíl og hlaut einn hópurinn hennar bikarmeistaratitil á dögnum. Hún nýtur þess að hafa nóg fyrir stafni og tekst á við tilveruna með bros á vör. ➔2

**ALLIR ÞURFA D-VÍTAMÍN!**

**BetterYou**  
D-LUX 3000  
Daily Vitamin D  
Oral Spray

3000 IU 75µg

**3**  
mánaða  
skammtur

Munnúði tryggir hámarksupptöku!

## Framhald af forsiðu →

Hjördís Erna  
Þorgeirsdóttir  
hjordiserna@frettabladid.is



**B**jörk er yngst þriggja systra og ólst upp í Breiðholti. „Ég ólst upp í Seljahverfinu í Reykjavík og bjó þar alveg þar til ég var rúmlega tvitug þegar ég flutti í Kópavoginn þar sem ég hef búið síðan. Ég á einn son, Guðmund Kára, sem verður 8 ára í haust.“

## Heilbrigði í hvívetna

Björk hefur alla tíð haft mikinn áhuga á heilnæmum lífsstíl sem endurspeglar í áhugamálum, menntun og starfsreynslu hennar. „Ég er hjúkrunarfræðingur að mennt og einnig með diplómagráðu í lýðheilsuvísindum. Ég starfa hjá Íþróttafélaginu Gerplu í Kópavogi þar sem ég þjálf fimleika, hóp fimleika að langmestum hluta, en einnig í grunn- og framhaldsdeild félagsins þar sem iðkendur eru að taka sín fyrstu skref í íþróttinni.“

Það er mörgum hnöppum að hneppa. „Einnig er ég verkefnastjóri SÍK (Samstarfsvettvangur íþróttafélaga í Kópavogi), þar sé ég aðallega um að taka á móti styrktarumsóknum sem berast frá íþróttafólki og félögum í Kópavogi. Í vetur hef ég svo einnig aðstoðað við að kenna íþróttfræðinemum í Háskóla Íslands fimleika einu sinni í viku.“

Óhætt er að fullyrða að þar liggja ástríða Bjarkar. „Mitt helsta áhugamál hlýtur að vera fimleikar. Lífið hefur nánast bara snúist um fimleika undanfarin ár og ég veit ekkert skemmtilegra. Einnig hef ég mikinn áhuga á öllu heilsutengdu, hreyfingu, útivist og hollum og spennandi mat. Svo er ég mikil félagsvera, finnst gaman að vera í kringum fólk, skemmta mér og hitta vinina.“

## Kolféll fyrir fimleikum

Fimleikaáhuginn kviknaði þegar Björk byrjaði að æfa. „Ég byrjaði að æfa fimleika sjö ára gömul með Gerplu. Íþróttin hentaði mér strax vel, margt skemmtilegt fólk og alltaf líf og fjör í salnum. Tíu ára fór ég yfir í hóp fimleika þar sem ég æfði til rúmlega tvitugs. Í fimleikunum eignaðist ég margar góðar vinkonur en tengslin sem verða í svona þéttum hópi eru engu lík og varla hægt að lýsa þeim, þau tengja mann í raun alla ævi.“

Fimleikar urðu fljótt og eru enn órjúfanlegur hluti af tilverunni. „Síðan ég byrjaði að æfa hefur áhuginn aukist jafnt og þétt. Ég horfi á allar heimildarmyndir um fimleika sem ég kemst yfir, sum mót horfi ég á aftur og aftur og



Björk ásamt syni sínum og gleðigjafanum Guðmundi Kára en hann verður átta ára í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Annað sem er mikilvægt er að hlæja og hafa gaman á æfingum, það gengur allt svo miklu betur þegar það er gaman og öllum líður vel.“

alla daga hugsu ég mikið um fimleika. Þegar ég hlusta á útvarpið hlusta ég alltaf eftir því hvort lögin passi við eitthvað fimleikatengt, til dæmis upphitun eða annað. Ég held að til þess að ná langt í einhverju þarftu að hafa gaman af því og mikinn áhuga á því. Ég er mjög heppin að fá að starfa við mitt aðaláhugamál, það eru mikil forréttindi.“

Að loknu stúdentsprófi lagði Björk land undir fót. „Ég útskrifaðist úr Versló og flutti í beinu framhaldi til Danmerkur þar sem ég fór í íþróttalýðháskóla. Það var ein

besta ákvörðun sem ég hef tekið og ég myndi mæla með því fyrir alla.“

## Flogið og hjúkrað

Björk hefur fengist við hin ýmsu viðfangsefni en hún starfaði til dæmis um skeið sem flugfreyja, í Danmörku og hérlendis. „Mér hafði alltaf þótt flugfreyjustarfið heillandi og hafði lengi langað til að prófa það. Árið 2009 fékk ég svo starf hjá Primera Air í Danmörku þar sem ég var í nokkra mánuði. Ég bjó með tveimur stelpum sem voru einnig að vinna hjá félaginu og þetta voru mjög skemmtilegir og lærdómsríkir tímar.“

Eftir Danmerkurdvölinu ákvað hún svo að setjast á skólabeck. „Ég byrjaði í hjúkrunarfræði haustið 2010. Það var hálfgerð skyndiákvörðun því eins og hefur kannski komið fram hugsu ég aldrei mjög langt fram í tímann. Ég veit að margir voru hissa á þessari ákvörðun minni enda hafði ég aldrei talað um að fara í hjúkrunarfræði. En það var eitthvað við þetta sem mér þótti spennandi og ég ákvað að kyla á það.“

Hún starfaði um skeið sem hjúkrunarfræðingur. „Starfið sjálft er fjölbreytt og skemmtilegt. Samstarfsfólkið var frábært og á spítalanum öðlaðist ég ómetanlega reynslu og þekkingu. Ég vissi í raun ekkert hvað ég var að fara út í og man vel eftir fyrstu vöktunum. Ég hafði verið í hálfgerðri bómull, ekki séð eða kynnst mörgu slæmu, en á spítalanum varð ég vitni að svo mörgu og sá hvað margir þurfa að ganga í gegnum. Þarna er jú fólk úr öllum stéttum þjóðfélagsins í alls konar ástandi.“

Björk segir heilbrigðisstarfsfólk veita sér mikinn innblástur. „Ég dáist að starfsfólkinu, góðmennskunni og kraftinum, og reyndi að tileinka mér það besta frá hverjum og einum.“

## Óvænt móðurhlutverk

Í byrjun árs 2012 gripu örlögin í taumana og lífið tók óvænta stefnu. „Eftir að ég flutti heim aftur fékk ég svo starf sem flugfreyja hjá Icelandair þar sem ég náði einu sumri áður en ég varð óvænt ófrísk,“ segir Björk en sonur hennar Guðmundur Kári fæddist í október árið 2012.

Móðurhlutverkinu fylgdu áskoranir en stuðningurinn var mikill. „Ég var ekki í sambandi með barnsföður mínum þannig að þetta var ansi flókið til að byrja með. En allt hefur gengið mjög vel og ég er svo heppin að eiga ótrúlegt bakland sem hefur létt hlutina mikið. Mamma og pabbi eru alltaf til staðar og ég gæti ekki verið þakklátari fyrir þau.“

Björk er ekki síður þakklát fyrir soninn. „Guðmundur Kári hefur alltaf verið þægilegt barn, skapgóður, ljúfur og tilbúinn að fylgja konnu sinni út um allt á alls konar tímum. Ég elska að vera mamma og hefur ekki þótt sérstaklega erfitt að vera ein, það má kannski þakka baklandinu góða.“

## Fátt betra en að vera treyst

Björk býr yfir viðamikilli reynslu sem fimleikabjálfi. „Ég byrjaði að þjálf 16 ára. Ég verð að viðurkenna að ég man ekki hvernig það kom til, ætli mér hafi ekki bara verið boðið það og þótt það spennandi. Ég fann mig strax vel í þjálfun. Atti auðvelt með að mynda tengsl við börnin og foreldra þeirra, ásamt því að hafa brennandi áhuga á fimleikum.“

Hún hefur náð frábærum árangri en sem dæmi má nefna að hópurinn hennar í 1. flokki kvenna hlaut bikarmeistaratitilinn þann 8. mars síðastliðinn.

Hvernig er tilfinningin að ná svona góðum árangri?  
„Hún er auðvitað ótrúlega góð.“

Góðum árangri fylgir auðvitað mikið stolt og gleði. Að sjá alla þá vinnu sem maður hefur lagt í hlutina skila sér, finna að aðferðirnar eru að virka, horfa á framfarirnar hjá iðkendum gerast fyrir framan sig og finna að þau treysta manni 100 prósent. Það er fátt betra.“

Björk þykir hafa einstakt lag á að ná til bæði nemenda sinna og foreldra og því ekki úr vegi að spyrja hvaða eiginleika hún telji mikilvægasta í fari góðs þjálfara. „Góður þjálfari er skipulagður, veit hvað hann vill og hvernig hann ætlar að fá það. Hann er jákvæður, sveigjanlegur og nær því besta fram í iðkendum sínum með mismunandi aðferðum. Góður þjálfari þarf líka að vera ákveðinn og setja línuna varðandi það hvernig hlutirnir eiga að vera gerðir. Einnig er mikilvægt að koma til móts við iðkendur, finna styrk- og veikleika hvers og eins.“

Lífsgleðin er aldrei langt undan. „Annað sem mér finnst mikilvægt er að hlæja og hafa gaman á æfingum, það gengur allt svo miklu betur þegar það er gaman og öllum líður vel.“

Atburðarás síðustu vikna hefur umturnað lífinu. „Ég var nánast aldrei heima hjá mér, alltaf brjálað að gera, stress og spenninngur í bland við samviskubít yfir því að vera ekki nóg heima. Nú er ég alltaf heima og vinn þá takmörkuðu vinnu sem ég get gert héðan.“

Ég er jákvæð, lit á björtu hliðarnar og reyni að vera róleg yfir ástandinu, það þýðir ekkert annað. Það er frábært að fá svona mikinn tíma með syni mínum og hann nýtur þess að dulla sér heima með mér. Ég held að þegar þessu lýkur verði áskorun að koma sér aftur í fyrri takt og ég hugsu að margir muni endurskoða hlutina.“

**Tarkett**  
**Viðarparket**  
MIKIÐ ÚRVAL Á LAGER

**ALFABORG**  
- allt á gólfð -

Skútuvogi 6  
104 Reykjavík  
Sími: 568 67 55  
alfaborg.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **Ábyrgðarmaður:**  
Torg ehf. Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: **Arnar Magnússon**, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann**, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: **Elin Albertsdóttir**, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson**, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5768 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir**, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir**, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768



# OKKAR FRAMLAG ÓBREYTT VERÐ

Gengi krónunnar gagnvart USD hefur sigið um tæp 17% frá 25. mars 2019.  
Við bitum á jaxlinn og bjóðum óbreytt verð á flottum vöðlu- og stangapökkum út apríl.

Á öllum skóm  
er val um filt  
eða gúmmíbotn.

**SIMMS**  
**FREESTONE Z**  
vöðlur

**FREESTONE**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**79.995 kr.**  
(Fullt verð 97.990 kr.)

**SIMMS**  
**FREESTONE**  
vöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**65.995 kr.**  
(Fullt verð 82.990 kr.)

**SIMMS**  
**TRIBUTARY**  
vöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**45.995 kr.**  
(Fullt verð 56.990 kr.)

**SIMMS**  
**TRIBUTARY**  
krakkavöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**34.995 kr.**  
(Fullt verð 41.990 kr.)

**REDINGTON**  
**ESCAPE**  
vöðlur  
**BENCHMARK**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**46.995 kr.**  
(Fullt verð 62.990 kr.)

**REDINGTON**  
**ESCAPE ZIP**  
vöðlur  
**BENCHMARK**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**56.995 kr.**  
(Fullt verð 75.990 kr.)

**REDINGTON**  
**ESCAPE PANT**  
vöðlur  
**BENCHMARK**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**42.995 kr.**  
(Fullt verð 57.990 kr.)

**REDINGTON**  
**CROSSWATER**  
vöðlur  
**PALIX**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**28.995 kr.**  
(Fullt verð 38.900 kr.)

**REDINGTON**  
**YOUTH**  
**CROSSWATER**  
krakkavöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**24.995 kr.**  
(Fullt verð 33.900 kr.)

*Vorid er komið.  
Við förum að veiða.*

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

DÖMUSNIÐ

**SIMMS**  
**FREESTONE Z**  
dömu vöðlur  
**FREESTONE**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**79.995 kr.**  
(Fullt verð 97.990 kr.)

**SIMMS**  
**FREESTONE**  
dömu vöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**65.995 kr.**  
(Fullt verð 82.990 kr.)

**SIMMS**  
**TRIBUTARY**  
dömu vöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**45.995 kr.**  
(Fullt verð 56.990 kr.)

**REDINGTON**  
**SONIC**  
dömu vöðlur  
**SIREN**  
skór  
APRÍLVERÐ:  
**59.995 kr.**  
(Fullt verð 77.990 kr.)

**REDINGTON**  
**WILLOW**  
dömu vöðlur og skór  
APRÍLVERÐ:  
**34.995 kr.**  
(Fullt verð 44.990 kr.)

**REDINGTON**  
**CROSSWATER**  
Fluguveiðipakki  
APRÍLVERÐ:  
**24.995 kr.**  
(Fullt verð 32.995 kr.)

**REDINGTON**  
**VICE**  
Fluguveiðipakki  
APRÍLVERÐ:  
**44.995 kr.**  
(Fullt verð 56.995 kr.)

**REDINGTON**  
**PATH**  
Fluguveiðipakki  
APRÍLVERÐ:  
**31.995 kr.**  
(Fullt verð 38.995 kr.)

**REDINGTON**  
**CROSSWATER**  
Fluguveiðipakki  
APRÍLVERÐ:  
**24.995 kr.**  
(Fullt verð 32.995 kr.)

**REDINGTON**  
**MINNOW**  
Fluguveiðipakki  
APRÍLVERÐ:  
**24.995 kr.**  
(Fullt verð 32.995 kr.)



**VEIÐIKORTIÐ 2020**

50% afsláttur þegar það er keypt með  
vöðlu- eða fluguveiðipökkum.

**AÐEINS 3.950 kr.**  
(Fullt verð 7.900 kr.)

2019

Framúrskarandi  
fyrirtæki 10 ár í röð

TRAUSTR FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998



**VEIÐIHORNIÐ**

veidihornid.is

LIFANDI NETSPJALL Í VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU

**SENDUM SAMDÆGURS**

MUNIÐ VINSÆLU  
GJAFABRÉFIN

SÍÐUMÚLA 8  
SÍMI 568 8410  
VEIÐIHORNIÐ.IS

## Bílar & Farartæki



Nýr Ford Transit Custom Sport. Sjálskiptur. Diesel. 170 hó. Álfelgur. Útbreikknanir. Leðursæti. 8" skjár með bakkmyndavél ofl. Á gömlu gengi 4.990 þús án vsk.

**Sparibill ehf**  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**  
Kaupi bíla 25-350þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**  
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Ræstingar

**FYRIRTÆKJARÆSTINGAR.**  
Ódýrar & vandvirkar ræstingar.

Sjá www.fmjthrif.is  
**FMJ Þrif ehf.**

## Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsnæði

### Atvinnuhúsnæði

#### FRÍSTUNÐABIL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil. Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m. Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

### Geymsluhúsnæði

#### WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500

#### GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna óskast

Faglærður Húsasmiður/einryki með mikla reynslu óskar eftir vinnu. S:782-0040

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



# 89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða\* á höfuðborgarsvæðinu.

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is  
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

## Fullt af öflugum sölufólki!



# NÝ SENDING AF FALLEGUM VORVÖRUM

Stærðir 14-28 eða 42-56

Þú getur skoðað úrvalið og  
pantað í netverslun [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

Bjóðum uppá fría heimsendingu í apríl!

SENDUM FRÍTT  
HVERT Á LAND  
SEM ER!



Kjól  
8.990 kr  
Stærðir 14-22



Kjól  
9.990 kr  
Stærðir 14-26



Pleður jakki  
9.990 kr  
Stærðir 14-26



Túnika  
6.990 kr  
Stærðir 16-26



Toppur  
5.990 kr  
Stærðir 14-28



Kjól  
9.990 kr  
Stærðir 14-26

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Föstudagur

Reykjavík ☁ -2   5 °C   ↔	Ísafjörður ☁ -8   10 °C   ↔	Akureyri ☁ -5   4 °C   ↓
Egilsstaðir ☁ -5   9 °C   ↘	Kirkjubæjarkl ☁ -2   6 °C   ↔	Hveravellir ☁ -11   6 °C   ↔

Norðaustan 5-13 og víða el í dag, en úrkomulítið SV til. Frost 0 til 8 stig, mildast syðst.

## Laugardagur

Reykjavík ☁ -3   10 °C   ↔	Ísafjörður ☁ -8   16 °C   ↔	Akureyri ☁ -7   6 °C   ↔
Egilsstaðir ☁ -4   6 °C   ↔	Kirkjubæjarkl ☁ -4   11 °C   ↔	Hveravellir ☁ -13   16 °C   ↔

## Sunnudagur

Reykjavík ☁ -5   7 °C   ↔	Ísafjörður ☁ -7   8 °C   ↔	Akureyri ☁ -8   2 °C   ↔
Egilsstaðir ☁ -6   7 °C   ↔	Kirkjubæjarkl ☁ -3   5 °C   ↔	Hveravellir ☁ -11   15 °C   ↔

### LÉTT

7	6	2				
			1		9	5
	5		3		1	
6		3	9		8	
3	4	2			6	
		2	4	6		1
9	3	5	7			
					4	3
1	2			7		

### MIDLUNGS

8		9	5			7
	4		6		5	9
	3					
8		3			6	1
6		5			3	
	7	1	6			
	8	3		9		
1			2	6		
5		9	7			

### PUNG

		3				1
3	9		4	7		6
7		1		8	6	3
	3					8
	6	7				3
						2
	8	3		1		2
		4			5	6
7		9	3			4

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- birtast
  - úttekt
  - kös
  - alltaf
  - tónn
  - lífshlaup
  - grey
  - húsdýr
  - haldinn
  - ofurselja
- LÓDRÉTT**
- tonn
  - eyja í Asíu
  - svifdýr
  - tæki
  - þykkna
  - græðari
  - geymsla
  - umbúðir
  - tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. sjást, 5. mat, 6. ós, 8. ávallt, 10. í, 11. stírna, 9. læknir, 12. sífó, 14. vafr, 16. m.

LÓDRÉTT: 1. smálest, 2. java, 3. áta, 4. tölva, 7. ævi, 12. skan, 13. svín, 15. tálinn, 17. fórn.

## Skák Gunnar Björnsson

Krymskaja átti leik gegn Sokovna í Saratov árið 1991.

1...Rxf3+! 2. gxf3 Hg5+ 3. Bg2 Hxg2+! 4. Kxg2 Hxh2+! 5. Kxh2 Dxf2+ 0-1.

Jóhann Hjartarson vann Arena-netmót í fyrradag. Í kvöld fer fram hraðskákmót Víkingaklúbbsins á netinu. Tauffélag Reykjavíkur stendur fyrir keppni við slóvenskan skákklubbb.

www.skak.is: Sóknin á netinu.

### Svartur á leik



1	4	2	8	9	3	6	5	7
5	3	8	6	1	7	4	2	9
6	7	9	2	4	5	8	1	3
7	8	4	5	6	9	1	3	2
3	6	1	4	7	2	5	9	8
2	9	5	1	3	8	7	4	6
4	1	7	3	2	6	9	8	5
8	2	6	9	5	4	3	7	1
9	5	3	7	8	1	2	6	4

1	9	5	4	2	6	8	3	7
2	3	4	5	7	8	1	9	6
6	7	8	1	9	3	2	4	5
9	8	7	6	5	2	3	1	4
4	6	1	7	3	9	5	2	8
3	5	2	8	4	1	6	7	9
5	1	3	9	6	4	7	8	2
7	2	9	3	8	5	4	6	1
8	4	6	2	1	7	9	5	3

3	7	9	5	8	2	6	4	1
2	6	4	7	9	1	5	3	8
8	1	5	3	4	6	2	9	7
4	2	7	6	5	8	3	1	9
5	8	3	4	1	9	7	6	2
6	9	1	2	7	3	8	5	4
7	3	6	9	2	4	1	8	5
9	5	8	1	6	7	4	2	3
1	4	2	8	3	5	9	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



# FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið



## Persónugallerið þyrfti fjöldagröf

Laddi og grínpersónurnar sem hann felur sig á bak við eru löngu orðin þjóðareign en feigð svifur nú yfir stærsta dramanu á ferlinum og hann íhugar að láta taka fjöldagröf undir hópinn sem hann mun taka með sér að lokum.

## Erum öll á sömu plánetunni

Eggert Gunnarsson flutti alla leið til Papúa Nýju-Gíneu fyrir fjórum árum til að taka við starfi sjónvarpsstjóra hjá stöð í eigu írskis farsímafyrirtækis en hefur nú nýlokið við að skrifa vísindaskáldsögu.



## Æfing í elliárunum

Bergþór Pálsson söngvari byrjaði að þrjóna eins og margir og segir samkomubannið ágætis æfingu í elliárunum sem hann heldur að verði skemmtileg.

Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

# LAGERSALA SÍÐUSTU EINTÖKIN 20-50% AFSLÁTTUR



*Verðdæmi*

50%

ISABELLA - 160X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 23.920 KR  
 FULLT VERÐ 47.840 KR  
 180X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 41.790 KR  
 FULLT VERÐ 83.580 KR

50%

DAISY - 160X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 18.920 KR  
 FULLT VERÐ 37.840 KR  
 180X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 36.790 KR  
 FULLT VERÐ 73.580 KR

50%

POPPY - 160X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 15.290 KR  
 FULLT VERÐ 31.840 KR  
 180X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 33.790 KR  
 FULLT VERÐ 67.580 KR

50%

GRACE - 160X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 16.420 KR  
 FULLT VERÐ 32.840 KR  
 180X200 cm DÝNA  
 ÚTSÖLUVERÐ 34.290 KR  
 FULLT VERÐ 68.580 KR



-20%

COMO

NETTUR OG ÞÆGILEGUR HÆGINDASTÓLL

ÚTSÖLUVERÐ 35.920 KR

FULLT VERÐ 44.900 KR

LITIR GRÁR OG KREM

**Hvað?  
Hvenær?  
Hvar?  
Föstudagur**

hvar@frettabladid.is

3. APRÍL 2019



Útsending verður frá tónleikum Skítamóralis í Hörpu.

**Hvað?** Föstudagspartý  
**Hvenær?** 21.10

**Hvar?** Eldborgarsvið Hörpu  
Bein útsending á RÚV2. Hljóm-sveitin fagnar um þessar mundir 30 ára starfsafmæli með nýju lagi og tónleikum í Eldborgarsal Hörpu sem fram áttu að fara hinn 9. maí en hefur nú verið seinkað til 16. júní. Nokkrir góðir gestir munu kíkja í heimsókn til listamannanna sem þó munu í einu og öllu fylgja reglum Víðis um tveggja metra nálgunarbann.

Þögla stúlkan stökk strax í fyrsta sætið

Þögla stúlkan, glæný glæpasaga eftir Hjorth og Rosenfeldt, fór beint í fyrsta sætið á Metsölulista Eymundsson.

Í öðru sæti er 60+ Hreyfing, æfingar og teygjur fyrir 60 ára og eldri. Ein mitt bók sem hitta á í mark á tímum þar sem fólk er í vissri einangrun en þarf um leið að hreyfa sig. Í þriðja sæti er Brúin yfir Tangagötuna eftir Eirík Örn Norðdahl. Hin klassiska og hugljúfa bók Litlar konur eftir Louisa May Alcott er í fjórða sæti. Í fimmta sæti er Glæpur við fæðingu eftir Trevor Noah, bók sem sannarlega er auðvelt að mæla með.



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb@frettabladid.is



Þjóðfélagið er í hægagangi vegna kórónaveirunnar. Bækur koma þó enn út, en gróskan er ekki alveg jafn mikil og áður. Páll Valsson er útgáfustjóri bókaforlagsins Bjarts.

Páll segir margt óljóst í útgáfumálum forlagsins vegna ástandsins í þjóðfélaginu. „Við erum aðeins hikandi við að senda bækur út í þessa óvissu,“ segir Páll, „og höfum því seinkað útgáfu á nokkrum bókum. Undanfarin vor hefur Bjartur til dæmis gefið út frumsamda íslenska skáldsögu, í fyrri Boðun Guðmundar eftir Eirík Stephensen. Nú er Ármann Jakobsson tilbúinn með nýja bók, Tíbrá, mjög skemmtilega sögu um glæp þar sem hann sýnir á sér ýmsar nýjar hliðar, en líklega kemur sú bók ekki út fyrr en í byrjun júní þegar ástandið hefur vonandi skánað.“

**Snæbjörn út úr skápnum**

Bjartur var að senda frá sér glæpasöguna Þögla stúlkan eftir hina gríðarvinsælu Hjorth og Rosenfeldt þar sem aðalpersónan er Sebastian Bergman réttarsálfræðingur sem margir þekkja. Bókin er í þýðingu Snæbjörns Arngrímssonar, fyrrverandi eiganda bókaforlagsins Bjarts. Snæbjörn hefur áður þýtt bækur undir nafninu Ásta S. Guðbjartsdóttir, þar sem S-ið stendur fyrir Sóllilja, en stigur nú fram í fyrsta sinn sem þýðandi undir eigin nafni.

„Hjá litlum bókaforlögum verða menn að ganga í ýmis verk, þannig að Snæbjörn og félagi hans, Jón Karl Helgason, voru stundum að þýða bækur undir nafni Ástu. En í fyrri kom Snæbjörn svo út úr skápnum sem rithöfundur þegar hann hrepti Íslensku barnabókaverðlaunin fyrir bókina Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins. Svo fékk hann líka, sem Ásta, verðlaun fyrir bestu þýddu glæpasögu síðasta árs, þá finu bók Hinn grunaði herra X eftir Keigo Higashino. Hann er því á skömmum tíma orðinn bæði verðlaunahöfundur og verðlaunaþýðandi.“

**Stóralvarleg þróun**

Seinna í apríl mun Neon-bókaflokkur Bjarts senda frá sér bókina Fólk í angist eftir Fredrik Backman sem þekktastur er fyrir bók sína um Ove. „Þetta er tragískómisk saga en þó full af von. Um mánaðamótin maí-júní kemur svo út í sama flokki samskiptabók, Ættarfylgjan, Testamente, eftir Ninu Wähä, stórbrotin ættarsaga sem vakið hefur mikla athygli. Og að áliðnu sumri kemur svo í Neon sú verðlaunada og umtalaða bók Power eftir Naomi Alderman.“

hliðarsjálfi Ástu S. Guðbjartsdóttur til að taka heiður og skammir fyrir verk mín,“ segir Snæbjörn. „Ástu hef ég notað til bókakápugerðar, þýðinga, greinaskrifa. En nú þegar ég er sjálfur farinn að gangast við eigin skrifum með útgáfu barnabókar fannst mér eðlilegt að setja Ástu til hliðar sem þýðanda. Það einfaldar tilveruna. Eitt líf í stað tveggja.“

Í mínum huga eru þýðingar handverk. Þegar ég er hættur að stýra forlagi og einbeiti mér allan daginn að því að skrifa skáldskap finnst mér stundum þægilegt að geta snúið mér að texta annarra. Afköstin verða líka greinilegri í þýðingum.“

Um Þögla stúlkuna segir Snæbjörn: „Hjorth og Rosenfeldt, höf-



Þessi þjóð á líka ótrúlega marga verulega fina höfunda, segir Páll. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

## Nautnin að lesa góða bók

**Páll Valsson er útgáfustjóri Bjarts. Hann hvetur þjóðina til bóklesturs en segir erfitt að gefa út erlenda samtímaklassík.**

**ÞJÓÐ SEM EKKI GETUR LESIÐ SAMTÍMAKLASSÍK Á SÍNU EIGIN TUNGUMÁLI ER Í VANDA STÖDD, AÐ MÍNU MATI.**

Páll segir að bóksala í landinu hafi á allra síðustu árum dregist mjög saman, upplög bókanna minnkað mjög og hefur hann sérstakar áhyggjur af útgáfu á erlendra nútímaklassík. „Þetta er hluti af þessari stóralvarlegu þróun sem er hratt minnkandi lestur. Nú er mjög erfitt að gefa út erlenda samtímaklassík, jafnvel vinsæla höfunda eins og Ian McEwan eða Michel Houellebecq, og án styrkja væri það ekki hægt því salan er orðin svo lítil. Þjóð sem ekki getur lesið samtímaklassík á sínu eigin tungumáli er í vanda stödd, að mínu mati.“

En kannski verður veiran og sóttkvíarnar til þess að rifja upp fyrir þjóðinni þá miklu nautn; skemmtun, menntun og upplýftingu sem felst í því að lesa góða bók. Þessi smáþjóð á líka ótrúlega marga verulega fina höfunda og það er mikil gróska í íslenskum skáldskap.“

**Ævisagnaritun að breytast**

Páll hefur skrifað nokkrar bækur, þar á meðal ævisögu Vigdísar Finnbogadóttur og rómaða ævisögu Jónasar Hallgrímssonar sem hlaut á sínum tíma Íslensku bókmenntaverðlaunin.

Hann segist vera hugsi yfir stöðu íslenskra ævisagna. „Hér er landlægur áhugi á fólki og náunganum, eðlilega, og ævisögur hafa haft mjög sterka stöðu. Að einhverju leyti hefur netið breytt þessu. Á síðasta ári var til dæmis bara ein ævisaga á listanum yfir 20 mest seldu bækur ársins. Ævisagnaritun er að breytast og nú verður ævisaga að hafa í meiri

mæli eitthvað sem ekki er hægt að nálgast með gúggli á netinu, til dæmis staðreyndir og ártöl. Ævisagnahöfundar verða því að vinna meira eins og skáldsagnahöfundar, beita innlifun, innsæi og ályktunarhæfni. Þetta er að mörgu leyti spennandi þróun sem gaman væri að taka þátt í.“

Aðspurður segist hann alltaf vera að skrifa eitthvað. „Ég hef í mörg ár verið með í smíðum ævisögu Bjarna Thorarensen, skálds og amtmanns, en ég veit ekki hvort nokkur hefur áhuga á slíkri bók lengur. Atli Heimir Sveinsson heitinn stoppaði mig stundum á götu og innti mig eftir þessari bók. Ég sagði við hann, síðast þegar við hittumst, að hann væri eini maðurinn sem hefði áhuga á henni. Þá leit hann á mig og sagði: „Það skiptir engu máli, þú verður að skrifa hana.“ Svo er reyndar forseti Íslands farinn að þýfga mig stundum um þetta núna og fyllir því skarð Atla, gaman að því.“

## Snæbjörn Arngrímsson rithöfundur og þýðandi valdi eitt líf í stað tveggja

Eins og fram kemur í viðtalinu við Pál Valsson, útgáfustjóra Bjarts, er nýkominn út hjá forlaginu þýðing Snæbjörns Arngrímssonar á Þöglu stúlkunni eftir Hjorth og Rosenfeldt. Þarna kemur Snæbjörn út úr skápnum sem þýðandi en hann hefur áður þýtt bækur undir dulnefninu Ásta S. Guðbjartsdóttir. Snæbjörn, sem er fyrrverandi útgáfustjóri, er verðlaunahöfundur en hann hlaut Íslensku barnabókaverðlaunin í fyrri fyrir bókina Rannsóknin á leyndardómum eyðihússins.

Bládamaður hafði samband við Snæbjörn og spurði af hverju hann hefði nú losað sig við Ástu-nafnið. „Ég hef í mörg ár notað mitt góða



Snæbjörn Arngrímsson, rithöfundur og þýðandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**ÉG HEF Í MÖRG ÁR NOTAÐ MITT GÓÐA HLIÐARSJÁLFI ÁSTU S. GUÐBJARTSDÓTTUR TIL AÐ TAKA HEIÐUR OG SKAMMIR FYRIR VERK MÍN.**


undar Þöglu stúlkunnar, eru fráberir handverksmenn. Þeir kunna að skrúfa saman sögu og mér finnst ég læra af því að þýða bækur þeirra. Þögla stúlkan er gott dæmi um hvernig góðir handverksmenn ná að skapa sérstaklega forvitnilega sögu þar sem sögupersónurnar vekja bæði hjá lesandanum innilegar tilfinningar og áhuga.“

# HUGSAÐU VEL UM TANNHEILSUNA



WRIGLEY'S  
**Extra**<sup>®</sup>

FYRIR HREINAR OG  
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylitols sem  
aðalsætufrnis í tyggigummii

# Tilbúin í ofninn **BONUS BONUS BONUS BONUS**



**5.998** kr./kg

ÍN Wellington Nautalund  
Innbökuð, frosin

**1 kg**



**279** kr./stk.

Bónus Kornbrauð  
1 kg



**698** kr./pk.

Coca-Cola Kippa  
4 x 1,5 lítri



**579** kr./pk.

Pepsi Max Kippa  
6 x 0,5 lítri

## Páskaveislan

Byrjar í Bónus



**198** kr./pk.

Daisy Páskaservíettur  
20 stk. í pakka, margar teg.



**298** kr./stk.

Kubbakerti  
18x7 cm



**598** kr./stk.

Bónus Páskaegg  
Nr. 3, 170 g



**1 kg**

**2.598** kr./stk.

Bónus Risa Páskaegg  
1 kg



Verð gildir til og með **5. apríl** eða meðan birgðir endast.



**ÍSLENSKT**  
Lambakjöt



**1.198** kr./kg

KS Lambalæri  
Ísland, frosið



**1.398** kr./kg

KS Lambalæri í sneiðum  
Ísland, frosið



**2.598** kr./kg

KS Lambahryggur 1/2  
Lundapartur, frosinn

**Ódýrara að krydda sjálfur**



**298** kr./pk.

Norðursalt Flögusalt  
250 g



**3.998** kr./kg

KS Lambafillet  
Ísland, frosið



**2.798** kr./kg

KS Lambaprime  
Ísland, frosið

**ÍSLENSKT**  
Svínakjöt



**1.479** kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur  
Nýreyktur, með beini



**598** kr./kg

SG Grísabógur  
Ferskur



**1.398** kr./kg

Bónus Grísakótilettur  
Kryddaðar, með beini

**BÓNUS**

**EKKERT BRUÐL**





## Fjörstudagur á RÚV

# MR. BEAN



Kl. 19.40

Sígildir breskir gamanþættir frá árunum 1990-1995 um ævintýri hins seinheppna herra Bean.



Kl. 20.10

Ný íslensk þáttaröð þar sem sýnd eru gömul íslensk tónlistarmyndbönd og sagan á bak við þau skoðuð.



Kl. 20.25

Gestir Vikunna eru Lóa Hlín Hjálmtýsdóttir, Yrsa Sigurðardóttir, Laddi, Víkingur Heiðar og Daði Freyr!



Kl. 21.10 – í beinni á RÚV 2 og RÁS 2

Hljómsveitin matar sviðið í Hörpu fyrir 30 ára afmælistónleika í sumar og býður þjóðinni að vera með.



okkar allra

# DAGSKRÁ

## Föstudagur

### HRINGBRAUT

- 20.00 Bílalíf (e)** Fjórlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi.
- 20.30 Fasteignir og heimili (e)** Upplýsandi og fróðlegur þáttur um allt sem viðkemur fasteignum og göðum húsráðum.
- 21.00 21 - Úrval á föstudegi** Samantekt úr bestu og áhuga-verðustu viðtölunum úr Tuttugu-ogeinum í liðinni viku.
- 21.30 Saga og samfélag (e)** Þáttur þar sem málefni liðandi stundar eru rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

### RÚV SJÓNVARP

- 06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2**
- 11.00 Skólahreysti 2014**
- 11.40 Ferðastíklur Hálandið - austan Kreppu**
- 12.20 Kaupmannahöfn - höfuðborg Íslands**
- 12.45 Háski - fjöllin rumska Sópað á haf út**
- 13.25 Kastljós**
- 13.40 Menningin**
- 14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19**
- 14.40 Gettu betur 1998 BH - MH**
- 15.35 Heilabrot**
- 16.05 Poirot - Draumurinn Agatha Christie's Poirot. The Dream**
- 16.55 Enn ein stöðin**
- 17.20 Landinn**
- 17.50 Táknafréttir**
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hvergidrengir**
- 18.27 Taktu hárlínur mínur - Margur verður af aurum api** Í dag fá krakkarnir málsháttinn „margur verður af aurum api“ og eiga að setja upp leikið verk á met tíma. Þau þurfa að búa til sögu sem byggir á málshættinum, ákveða búninga og leikmuni og setja upp sýningu.
- 18.40 Krakkafréttir vikunnar**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Herra Bean Mr. Bean**
- 20.10 Poppkorn - sagan á bak við myndbandið Unun - Lög unga fólksins** Stuttir þættir þar sem rýnt er í gömul íslensk tónlistarmyndbönd og sagan á bak við þau skoðuð. Dagskrárgerð: Gunnlaugur Jónsson.
- 20.25 Vikan með Gísla Marteini** Gísli Marteinn tekur á móti göðum gestum á föstudagskvöldum í vetur og fer með þeim yfir helstu atburði vikunnar í stjórnmálum, menningu og mannlífi.
- 21.10 Séra Brown Father Brown VI**
- 22.00 Konungsríkið á enda veraldar Arn. Ríket vid vägens slut**
- 00.05 Jackie and Ryan Jackie og Ryan**
- 01.30 Dagskrárlök**

### GOLFSTÖÐIN

- 08.00 2013 Presidents Cup Official Film**
- 08.50 2015 Presidents Cup Official Film**
- 09.40 2017 Presidents Cup Official Film**
- 10.25 2019 Presidents Cup Official Film**
- 11.15 Íslandsmótið í höggleik 2012**
- 14.40 Íslandsmótið í höggleik 2012**
- 17.50 KPMG mótið 2012**
- 18.50 Presidents Cup 2019**

### ÚTVARP

- FM 88,5** XA-Radíó
- FM 89,5** Retro
- FM 90,1** Rás 2
- FM 90,9** Gullbylgjan
- FM 93,5** Rás 1
- FM 95,7** FM957
- FM 96,3** FM Suðurland
- FM 96,7** Létt Bylgjan
- FM 97,7** X-ið
- FM 98,9** Bylgjan
- FM 99,4** Útvarp Saga
- FM 100,5** K100
- FM 102,9** Lindin

### SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 07.00 Ísland vaknar** Útsending frá morgunþætti K100.
- 10.00 Dr. Phil**
- 10.45 Everybody Loves Raymond**
- 11.10 The King of Queens**
- 11.30 How I Met Your Mother**
- 11.55 Dr. Phil**
- 12.40 Family Guy**
- 13.05 For the People**
- 14.05 Dr. Phil**
- 14.50 Venjulegt fólk**
- 15.20 Mannlíf**
- 16.00 Malcolm in the Middle**
- 16.20 Everybody Loves Raymond**
- 16.45 The King of Queens**
- 17.05 How I Met Your Mother**
- 17.30 Dr. Phil**
- 18.15 Happy Together**
- 18.40 Black-ish**
- 19.10 Love Island**
- 20.10 French Kiss**
- 22.00 Four Brothers**
- 23.50 If I Stay** Dramatísk mynd frá 2014 með Chloë Grace Moretz í aðalhlutverki.
- 01.40 The Usual Suspects**
- 03.30 Síminn + Spotify**

### RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.02 Hádegisútlit**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.40 Veðurfregnir**
- 12.50 Dánarfregnir**
- 12.55 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Heimskviður (31 af 45)**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Glans**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestarklefinn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur Söngvar um aldur og tímaskeið**
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.35 Mannlegi þátturinn**
- 21.30 Kvöldagan. Konan við 1000 gráður (17 af 41)**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Passíusálmur (45 af 50)**
- 22.15 Samfélagið**
- 23.05 Lestarklefinn**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

### STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.45 The Circle**
- 12.30 Dare To Be Wild**
- 14.15 The Wife**
- 15.50 The Circle**
- 17.35 Dare To Be Wild**
- 19.20 The Wife**
- 21.00 The Day After Tomorrow**
- 23.00 Black Swan**
- 00.45 Proud Mary**
- 02.10 The Day After Tomorrow**

### STÖÐ 2

- 06.50** Bitið
- 09.00** Bold and the Beautiful
- 09.20** Gilmore Girls
- 10.00** Born Different
- 10.25** Trans börn
- 11.05** Tribe Next Door
- 11.50** Jamie's Quick and Easy Food
- 12.15** Suður-ameríski draumurinn
- 12.35** Nágrannar
- 12.55** October Sky
- 14.40** One Nation Under Stress
- 15.45** Saudi Women's Driving School
- 16.40** I Feel Bad
- 17.05** The New Girl
- 17.35** Bold and the Beautiful
- 18.00** Nágrannar
- 18.26** Veður
- 18.30** Fréttir Stöðvar 2
- 18.50** Sportpakinn
- 19.10** Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla
- 20.00** Head Full of Honey
- 22.25** Sherlock Holmes
- 00.30** Hunter Killer
- 02.25** Halloween

### STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00** Barnaefni
- 18.15** Hotel Transylvania 3. Summer Vacation
- 20.00** Friends
- 20.20** Friends
- 20.45** The Big Bang Theory
- 21.00** Batwoman
- 22.35** American Horror Story 8. Apocalypse
- 23.20** The Simpsons
- 23.45** Bob's Burgers
- 00.05** Friends
- 00.25** The Big Bang Theory
- 00.45** Friends

### STÖÐ 2 SPORT


- 08.05** FA Cup Classic Matches. Leicester - Chelsea 17/18
- 09.00** FA Cup Classic Matches. West Ham - Man. Utd. 15/16
- 09.55** FA Cup Classic Matches. Swansea - Man. City 18/19
- 10.50** FA Cup Classic Matches Wolves - Man.Utd. 18/19
- 11.45** FA Cup Classic Matches. Everton - Chelsea 15/16
- 12.40** FA Cup Classic Matches. Man. Utd. - Arsenal 14/15
- 13.35** Inside Serie A
- 13.55** Sportið í kvöld
- 15.00** Sportið í dag
- 16.00** La Liga. Best of the Season 2019-20
- 16.25** FH - Keflavík 2008
- 16.50** FA Cup Classic Matches. Man. City - Wigan 13/14
- 17.15** FA Cup Classic Matches. Fulham - Man. Utd. 08/09
- 17.40** FA Cup Classic Matches. Man. Utd. - Portsmouth 07/08
- 18.05** FA Cup Classic Matches. Everton - Wigan 12/13
- 18.30** La Liga World
- 19.00** Talking Football. Rafa Benítez and Mista
- 19.25** Fylkir - Þróttur 2003
- 20.00** Dominos Kórufoltakvöld
- 21.00** KR - Valur 2013
- 21.20** Stöð 2 á NBA leik árið 1988
- 22.15** NB90's. Vol. 1
- 22.35** NB90's. Vol. 2
- 23.00** NB90's. Vol. 3
- 23.25** NB90's. Vol. 4
- 23.45** NB90's. Vol. 5
- 00.10** KR - ÍBV 1999
- 00.35** ÍBV - Keflavík 1997
- 01.00** Sportið í dag Nyr og skemmtilegur íþróttaréttarþáttur þar sem sérfræðingar Stöðvar 2 Sport taka fyrir öll helstu íþróttaréttamál dagsins.

# OPIÐ HJÁ OKKUR

AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG • LAUGAVEGI  
HALLARMÚLA • MJÓDD • KRINGLUNNI (SUÐUR)  
SMÁRALIND • HAFNARFIRÐI • KEFLAVÍK • AKUREYRI  
AKRANESI • ÍSAFIRÐI • VESTMANNAEYJUM • HÚSAVÍK

## SETJUM HEIMSMET Í LESTRI VERTU MEÐ Í LANDSLIÐINU!

Reglurnar eru mjög einfaldar. Þú tekur tímann þegar þú lest og skráir mínúturnar á [www.timitiladlesa.is](http://www.timitiladlesa.is). Allir geta verið með!



Úrval bóka á [www.penninn.is](http://www.penninn.is)

#timitiladlesa

### BARNA BÆKUR



### LITABÆKUR & LITIR



### FÖNDUR



### SPIIL



## FRÍ HEIMSENDING\* TIL EINSTAKLINGA

EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.  
EÐA MEIRA Á [WWW.PENNINN.IS](http://WWW.PENNINN.IS)

Þú færð SMS og símtal áður en við mætum. Við gætum fyllsta hreinlætis og fylgjum ráðleggingum um sóttvarnir í öllum okkar afhendingum.

\*á ekki við um húsgögn.



Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4  
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni suður  
Smáralind  
Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1  
Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | [penninn@penninn.is](mailto:penninn@penninn.is) | [www.penninn.is](http://www.penninn.is) | [www.eymundsson.is](http://www.eymundsson.is)

# Kom fyrir myndirnar - flutti fyrir ástina

Ljósmyndarinn **Owen Fiene** kom til Íslands ásamt félögum sínum árið 2012 í stutta heimsókn sem svo átti eftir að breyta gangi lífs hans. Nú átta árum síðar er hann hér enn, kvæntur, á dóttur og býr í Vesturbænum.

**O**wen Fiene er frá Chicago í Bandaríkjunum en býr nú með eiginkonu sinni, Kóru Hergils, og dóttur þeirra Margréti í Vesturbænum. Hans helsta ástríða er ljósmyndun.

„Ég kom hingað fyrst í júní árið 2012 ásamt tveimur góðum vinum mínum. Ástæðan fyrir því að við völdum Ísland af öllum stöðum var einfaldlega sú að okkur langaði að upplifa eitthvað sem væri okkur framandi án þess að þurfa að ferðast of langt. Eftir að hingað var komið keyrðum við út á land til að sjá þetta einstaka landslag sem hér er. Sem ljósmyndari var ég mjög spenntur fyrir því, ég var handviss um að ég myndi ná góðum myndum hérlendis,“ segir hann.

## Ást við fyrstu sýn

Eftir að hafa keyrt um landið var förrinni aftur heitið í bæinn.

„Við keyrðum aftur í bæinn og ákváðum að kíkja út á lífið. Fyrsti barinn sem við sáum var Prikíð og einhverra furðulegra hluta vegna byrjaði allt að fyllast í kringum klukkan 21.00 en það var bara mánudagur. Við vorum nokkuð hissa á þessu, hvað gæti eiginlega verið í gangi? Eftir stutta stund inni á staðnum hitti ég konu sem spurði mig hver ég væri. Það var ást við fyrstu sýn og sex mánuðum seinna vorum við gift,“ segir hann og brosir.

Það er því nokkuð falleg tilviljun að Owen hafi endað á Prikínu þennan dag, en á þeim tíma var hópur fólks sem hittist þar á mánudögum og dansaði af miklum móð við klisjulega danstónlist og kallaði sig Mánudagsklúbbinn. Eiginkona Owens, Kara Hergils, er dansari að mennt en hefur starfað undanfarin ár sem leikstjóri, leikritaskáld og sem verkefnastjóri hjá Listahátíð Reykjavíkur.

## Frábært land fyrir listafólk

Owen hefur lagt sig fram við að læra tungumálið.

„Ég er orðinn nokkuð góður þótt ég segi sjálfur frá, en auðvitað er það sífellt í vinnslu, maður er alltaf



Kara og Owen búa nú í Vesturbænum með dóttur sinni Margréti sem þau kalla oftast Maggie. Kara starfar nú sem verkefnastjóri fyrir Listahátíð Reykjavíkur.

**EFTIR STUTTA STUND INNI Á STAÐNUM HITTI ÉG KONU SEM SPURDI MIG HVER ÉG VÆRI. ÞAÐ VAR ÁST VIÐ FYRSTU SÝN OG SEX MÁNUÐUM SEINNA VORUM VIÐ GIFT.**

að læra. Dóttir okkar fæddist árið 2014 og við njótum foreldralífsins í Vesturbænum. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að skapa sér líf hér en ég elska landið og að búa hér. Hér er til dæmis ótrúlega auðvelt að kynna öðrum í listageiranum og fá rými til að vera skapandi. Þetta er mjög ólíkt því sem gerist annars staðar, hér getur maður kynnt

fólki úr öllum kimum samfélagsins án þess að þurfa að hafa mikið fyrir því.“

Hann segir það einstakt við Reykjavík að búi maður yfir einhverri sérþekkingu, þá hafi hún virði í auga einhvers, það sé alltaf einhver sem er til í að koma auga á hæfni manns.

„Ég hef starfað við ýmislegt og reynt að finna hvað hentar mér best. Það var ekki fyrr en ég áttaði mig almennilega á að það er ljósmyndunin sem er mín hæfni og sú þekking sem ég hef upp á að bjóða. Ég ákvað að láta á það reyna og stofna mitt eigið fyrirtæki. Það er samt alveg ljóst að þetta hefði aldrei gengið upp án stuðnings eiginkonu minnar. Íslendingar hafa svo einstaka og magnaða trú á sjálfum sér, það er vandfundið. Ætli að ég hafi bara hreinlega ekki smitast af því,“ segir hann og hlær.

## Kynntist sjálfum sér

Hann segir að með myndavélina að vopni hafi hann akkúrat fundið það sem hann vill gera í lífinu.

„Ég fæ að fara á alls konar viðburði og tek myndir af mögnuðu fólki og fæ að deila með þeim stundum sem lifa að eilífu í formi ljósmyndar. Mér líður eins og ég sé að upplifa drauminn, í það minnsta minn draum. Ég viðurkenni að staðan í heiminum í dag vegna COVID-19 faraldursins hefur haft mikil áhrif á mitt starf líkt og svo margra annarra. Þess vegna fór ég út í það að gera prent fyrir fólk núna fyrir stuttu. Það er áhugavert hvernig fólk í skapandi störfum hefur tekist á við breytingarnar og reynt að finna aðrar lausnir. Nýverið fór ég svo að vinna að ljósmyndaverki þar sem ég fer yfir síðasta áratuginn í mínu lífi, sem var áratugurinn þar sem ég í raun kynntist sjálfum mér fyrir alvöru.“

Hægt er að skoða verkin hans Owens á [kingoden.com](http://kingoden.com).  
steingerdur@frettabladid.is



Owen hlakkaði til að fá að taka myndir af íslensku landslagi. MYND/OWEN FIENE



Nýverið fór Owen að selja prent af myndum sínum í viðleitni til að mæta breyttum aðstæðum á markaðinum.

MYND/OWEN FIENE



Owen hefur tekið saman upphaldsmyndir sínra sem hann hefur tekið síðasta áratuginn. MYND/OWEN FIENE



Alltaf nóg til af humri hjá Norðanfiski...

**STÓRUM HUMRI!!**

Hafið samband á [nordanfiskur@nordanfiskur.is](mailto:nordanfiskur@nordanfiskur.is) eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkingum í verslunum Bónus um land allt.

**nordanfiskur**



Gleðilega páska



Sjálfbærni og samfélagsábyrgð  
Nóa Sírius súkkulaði er hluti af Cocoa Horizons verkefninu, sem gerir kakóræktendum kleift að framleiða kakó á sjálfbæran og ábyrgan hátt. Verkefnið stuðlar að betri lífsskilyrðum í kakóræktarsamfélögum og bættum aðbúnaði starfsfólks.

## Nú mega páskarnir koma

Nóa páskaegginn er tilbúin. Við vonduðum okkur alveg sérstaklega, því við vitum að þið viljið hafa þau fullkomin. Það á bæði við um gómsæta skelina sem bráðnar í munni og allt góðgætið sem leynist þar fyrir innan.

Gjörið þið svo vel – það er nóg til fyrir alla.



Björgvin Halldórsson.

## Ódauðlegt lag

Það er náttúrulega orginallinn,“ segir Björgvin Halldórsson, faðir Krumma, og sá sem fyrstur söng lagið Vetrarsól sem strax varð ódauðlegt í hans flutningi. Lagið er eftir Gunnar Þórðarson og Ólafur Haukur Símonarson samdi textann en það kom fyrst fyrir eyru almennings 1981 á plötunni Himinn og jörð.

„Ég er búinn að heyrja þetta og ég er ofsalega hrifinn af því hvernig Krummi og strákarnir taka á þessu. Þeir færa þetta í stílinn og breyta þessu á sinn hátt,“ segir Björggi og áréttar að lagið er ódauðlegt og „þetta endurnýjar bara ágæti lagsins. Við Krummi erum svolítið saman í þessum bluegrass-rötum og mér finnst bara æðislega gaman að þessu“. – þþ



Jón Gunnar Geirdal.

## Sólarsagan

„Þessi útgáfa á sér skemmtilega baksögu,“ segir Jón Gunnar Geirdal, höfundur þáttanna Jarðarförin mín, sem á sinn þátt í því að Krummi lét loks verða af því að taka sigilt lagið sem pabbi hans gerði að sínu fyrir tæpum 40 árum.

„Þegar það var ákveðið við handritaskrifin í fyrri að nota upprunalegu útgáfuna af Vetrarsól í seríunni þá fékk ég þá flugu í kollinn að það væri eitthvað rómantískt við það að fá Krumma til að „covera“ lagið sem pabbi hans söng inn í þjóðarsálinu fyrir 40 árum,“ segir Jón Gunnar Geirdal, höfundur Jarðarförin mín.

„Vetrarsól er uppáhalds íslenska lagið mitt. Og Krumma. Það kom í ljós í spjalli okkar þegar ég nálgadist hann með þessa hugmynd,“ segir Jón Gunnar og bætir við að Alda Music muni gefa út sérstakan spilunarlista með lögum sem tengjast Jarðarförin þáttunum á Spotify. „En sérían er stútfull af íslenskri eðaltónlist.“ – þþ

# Krummi stígur úr skugga Vetrarsólar pabba síns

Fjörutíu árum eftir að Björgvin Halldórsson gerði epísku ballöðuna Vetrarsól ódauðlega ákvað **Krummi** sonur hans að gera atlögu að laginu og taka það sínum eigin tókum. Afraksturinn kemur út í dag og Bó hefur þegar lagt blessun sína yfir blágresi sonarins.

Þetta er bara eitt fallegasta lag sem maður hefur heyrt. Algerlega á topp 20 af fallegustu lögum í heimi. Þetta er alveg epísk ballada. Hæg, sorgleg og falleg, segir Krummi Björgvinsson um lagið Vetrarsól sem pabbi hans, Björgvin Halldórsson, gerði sigilt um leið og það kom út 1981.

Krummi ákvað eftir langa bið að láta slag standa og taka lagið sínum tókum og í dag ris sú Vetrarsól út um allan heim á Spotify og öllum helstu streymisveitum hins stafræna tónlistarheims.

„Vetrarsól hefur verið mitt uppáhaldslag alveg bara síðan ég heyrði það fyrst og ég tengi svo mikið við þetta gegnum pabba,“ segir Krummi sem ákvað að taka lagið sínum tókum og gera „einfaldari útgáfu“ eins og hann orðar það.

„Mig langaði bara að fara akkurat í hina áttina og gera sveitatónlistarútgáfu af laginu. Ég elska bluegrass-tónlist þannig að ég ákvað bara að breyta um tóntegund og fara með það í þessa blúgrasskántri-átt,“ segir Krummi og bætir við að þótt Vetrarsól þekkist vissulega þá sé þetta í raun „allt annað lag“.

### Blágresi í genunum

Þótt Krummi feti ekki löðbeint í fótspor föðurins undir Vetrarsólinni þá má rekja nálgun hans til föðurhúsanna og hann segist telja bluegrass-útgáfuna vera bæði edlilega nálgun og rökrétt framhald af því sem hann hefur verið að fást við í tónlistinni.

„Ég elska þessa músík og ég náttúrulega ólst upp við þessa tónlist í gegnum pabba og mömmu frá blautu barnsbeini, en þá var þetta tónlistin sem var spiluð heima. Sérstaklega svona tónlist eins og The Band og margir fleiri. Þannig að þetta er bara alveg búin að vera í DNA-inu mínu.“

Þannig að bluegrass-útgáfa af Vetrarsól fannst mér bara alveg frábær hugmynd. Þetta lag er náttúrulega hevdjúti og ég er loksins núna kominn út í það að einbeita mér



Bandið baðar sig í Vetrarsólinni en Krummi, á milli Guðmundar Atla Péturssonar, Bjarna M. Sigurðarsonar, Óttars Sæmundsen og Halls Ingólfssonar, segir þá hafa verið ótrúlega fljóta að taka upp nýju útgáfuna. MYND/MUMMI LÚ

**VETRARSÓL HEFUR VERIÐ MITT UPPÁHALDSLAG ALVEG BARA SÍÐAN ÉG HEYRDI ÞAÐ FYRST OG ÉG TENGI SVO MIKIÐ VIÐ ÞETTA GEGNUM PABBA.**

bara að sólóferlinum mínum,“ segir Krummi og bætir við að nú stjórnist lagasmíðarnar af þorsta hans í gamaldags grasrótartónlist.

### Kraumandi suðupottur

Krummi fer á háflug þegar hann talar um þær tónlistarstefnur sem hafa mótað hann kruss og þvers sem tónlistarmann en til einföldunar og að spara pláss og prentsvertu býður hann upp á regnhlífarhugtakið „americana“ en undir því rúmast þetta allt saman; blúsinn,

sveitatónlistin og allt þar á milli sem rekja má til Bandaríkjana. „Og síðan er mikið rock&roll í þessu líka,“ segir Krummi áður en hann er dreginn aftur að máli málanna og laginu sem hann gefur út í dag.

„Gunnir Þórðar samdi þetta lag og pabbi gerði þetta frægt á sínum tíma. Þeir unnu mikið saman og það kom fyrst á plötunni Himinn og jörð sem er frábær plata.“

*Og þá vaknar lykilsurningin: Er Bó búinn að heyrja þetta og hvað finnst honum?*

„Hann er búinn að hlusta já,“ segir Krummi sem var þó ekkert að flýta sér að upplýsa frumflytjandann um stöðu mála. „Ég sagði honum ekkert frá þessu strax. Þetta var svolítið svona leyndarmál en ég var búinn að vera lengi með lagið á lista yfir íslensk lög sem mig langaði að „covera“ en það var ekki fyrr en Jón Gunnar Geirdal hringdi í mig sem ég ákvað að slá bara til.“

Krummi segir þetta í raun með mestu ólíkindum og að engu líkara sé en að Jón Gunnar hafi fengið hugskæti þegar hann ákvað að stinga þeirri hugmynd að honum að hann gerði nýja útgáfu af Vetrarsól í tengslum við sjónvarpsþættina Jarðarförin mín.

„Þetta var ótrúlegt. Bara eins og veröldin hafi einhvern veginn verið að segja manni að það væri kominn tími til að gera þetta. Það var svo skrítið að við vorum búnir að ræða þetta í bandinu,“ segir Krummi um hugmyndir þeirra um að gera ábreiður af nokkrum íslenskum lögum, sem leggjast vel í fjöldann, til þess að hafa tiltæk á tónleikum.

„Þá gerðum við einhvern lista og eitt af fyrstu þremur lögum sem ég skrifaði niður var Vetrarsól og þá hugsaði ég að það væri geðveikt kúl að gera bluegrass-útgáfu af því. Svona stuð útgáfu.“

toti@frettabladid.is



# SPORTIÐ Í DAG

ALLA VIRKA DAGA 15:00



#bestasætið



Skoðaðu blaðið á [husa.is](http://husa.is)

# RISA NETBLAÐ

Húsasmiðjunnar og Blómavals er komið út

**60** blaðsíður af frábærum tilboðum

husa.is

**Sendum samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu **Alla daga**



25% afsláttur

OUTBACK

**32.240 kr**

42.990 kr  
Gasgrill Solo

Grill fyrir heimilið eða bústaðinn, 3 ryðfríir brennarar, grillsvæðið er 628x406 mm.  
3000393



Parket og flísar

**25% afsláttur**

af öllu harðparketi og flísam




Græn vara

LADY innimálning og lakk

**25% afsláttur**

af allri LADY innimálningu og lakk



33% afsláttur

**990 kr**

1.490 kr  
Páskaliljur  
10 stk.


37% afsláttur

damixa®

**15.990 kr**

25.725 kr

Eldhústæki  
Rowan, há sveifla.  
8000230



## BAKÞANKAR

Árna  
Helgasonar



## Aðlögunin

Víðmiðin breytast hratt á þessum óvenjulegu tímum. Á aðeins nokkrum vikum höfum farið úr því að vera síþreytt og kulnuð þjóð sem sat heilu og hálfu dagana föst í umferð og kepptist við að vera sem lengst í vinnunni. Nýja útgáfan af okkur er heima við í innifötum og á helst samskipti í gegnum Microsoft Teams þar sem maður neyðist til að horfast í augu við undirhökuna á sjálfum sér klukkustundum saman.

Þessar ófyrirséðu tímar valda alls konar breytingum. Til dæmis er markmið Framsóknarflokksins um fíkniefnalaust Ísland árið 2000 nú loksins að rætast, tíma-bundið að minnsta kosti. Glæpamenn landsins hafa svarað kalli lögreglu um að draga tímabundið úr umsvifum sínum, enda allar rekstrarforsendur í undirheimunum brostnar. Fólk er almennt heima við og tveggja metra reglan gerir þjófnað nánast ómögulegan og í raun hættulegan – þjófnaðurinn er eitt en snertingin sem gæti fylgt er náttúrulega öllu alvarlegri.

Mannleg samskipti eru öðruvísi, þetta er óvænt gullöld intróvertsins á meðan knúsandi og kyssandi extróvertar eiga undir högg að sækja, enda eru allir slíkir tilburðir stórhættulegir á neyðartímum.

Þjóðin sem var svo upptekin af friðhelgi einkalífsins keppist nú við að hlaða niður appi frá ríkinu sem gerir stjórnvöldum kleift að rekja ferðir þínar.

Hversdagslegir hlutir eins og að koma við í lúgu og fá sér eitthvað í gogginn hafa fengið nýja merkingu. Í stað þess að fá sveittan borgara, franskar og upplifa skömmustu-tilfinningu, þá koma heilbrigðisstarfsmenn í geimbúningi, troða sýnatökupinna upp í þig og veita þér öryggis-tilfinningu.

Á tímum samgöngubanns þarf að sýna aðlögunarhæfni og þjóðin hefur hana í stórum stíl. Spurning er bara hve fljót við verðum að fara aftur í sama farið þegar okkur verður hleypt út aftur.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

**Kvikk**  
ON THE GO

LION BAR  
WHITE  
42 G

99

KR/STK  
2357 KR/KG



**Kvikk**  
ON THE GO



VEFVERSLUN  
www.betrabak.is  
OPIN ALLAN SÖLARHRINGINN  
VERSLAÐU Á www.betrabak.is  
OG VIÐ SENDUM ÞÉR ÞAÐ FRÍTT




STILLANLEGIR DAGAR

25%  
AFSLÁTTUR  
SENDUM FRÍTT

AÐ SOFA BETUR OG LÍÐA BETUR ER OKKUR ÖLLUM DÝRMÆTT

## STILLANLEGIR DAGAR

### ÞRÁÐLAUS FJARSTÝRING



- LED-vasaljós
- Klukkan
- Vekjaraklukkan
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 2 minni
- Nudd
- Bylgjunudd



### DÝPRI OG BETRI SVEFN

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færð þú nudd. Saman hjálpa rúmið og dýnan þér að ná hámarksslökun og dýpri og betri svefni. Svo vaknar þú endurnærð/ur og tilbúin/n í átök dagsins.

Með Therapist heilsudýnu,  
90 x 200 cm. Fullt verð: 284.900

Tilboð 213.675 kr.

Með Tempur Original, Cloud eða Firm heilsudýnu,  
90 x 200 cm. Fullt verð: 384.900

Tilboð 288.675 kr.

### STILLANLEGU HEILSURÚMIN FRÁ C&J:

- Inndraganlegur botn
- Lyftigeta yfir 2 x 450 kg per botn
- Mótór þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stálgrind undir botni
- Tveir nuddmótorar með tímarofa
- Þráðlaus fjarstýring með klukku, vekjara og vasaljósi
- LED lýsing undir rúmi
- Hliðar og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur


### VIVANT SPLENDID ROYAL STILLANLEGT RÚM FRÁ SERTA MED HÖFUÐGAFLI STILLANLEGT RÚM MED ÞRÁÐLAUSRI FJARSTÝRINGU SEM KEMUR ÞÉR Í ÞÁ STÖÐU SEM ÞÉR HENTAR.

Splendid Royal heilsudýnan frá Serta er fimm svæða skipt pokagorma dýna þar sem hreyfingar þínar trufla ekki rekkjunaut þinn. Góður stuðningur er við bakið en mýkra gormakerfi er við axlir og mjadmasvæðið. Þannig liggur þú alltaf með beina hryggsúlu og nærd hámarks hvíld. Hægt er að sérsníða rúmið að þínum þörfum, velja um 3 mismunandi stífleika sem og fjórar mismunandi topp dýnur. Áklæðið utan um dýnuna er mjúkt og slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar vel.

Dýnan í rúminu er heil en efsta lag hennar fer í tvennt þegar rúmið er stillt upp, því þarftu aldrei að hafa áhyggjur af því að bil komi á milli dýnanna.

Vivant Splendid Royal stillanlegt með gafli,  
2x80x200 cm. Fullt verð: 499.900

Tilboð 374.925 kr.



Aukahlutir á mynd eru náttborð.

ATH!  
BRYTTUR  
OPNUNARTÍMI

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 12-18 | Lau. 12-16  
www.betrabak.is

**Betra  
BAK**